

Valáfanginn Trúarstef í kvikmyndum handbók fyrir kennara

Jóhann Gunnar Einarsson

Svanfríður Guðmundsdóttir



Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar B.Ed-gráðu
í grunnskólafræði við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Apríl 2009

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Trúarstef í kvikmyndum

Valáfangi fyrir elsta stig grunnskóla
Unninn úr hugmyndum Deus ex cinema hópsins

Jóhann Gunnar Einarsson

130985-2389

Svanfríður Guðmundsdóttir

260780-4419

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið

Kennaradeild, grunnskólakennarafræði

Apríl 2009

Efnisyfirlit

Contents

Um námsefnið.....	5
Inngangur	6
Hvernig á að kenna kristin fræði ?	7
Hlutverk kennarans.....	8
Á veraldarvefnum.....	9
Kynning á innihaldi áfangans	10
1.kennslustund.....	11
Kynning á trúarstefjum.....	11
Hvað eru trúarstef?	11
Hver er kostur þessa flokkunarkerfis?.....	14
Stef og gervingar	15
Syndadafallið.....	16
2.kennslustund.....	17
Ljóðin	18
Drottinn á gangi.....	18
Helgimynd.....	19
Útlaginn.....	19
Í Eden	20
3-4.kennslustund.....	21
The Truman show	21
Viðbótartexti um myndina fyrir kennara.....	23
Ítarefni	25
Sögur af Jesú	29
5.-6.kennslustund.....	29

Jesus Christ Superstar.....	30
Ítarefni	32
7.kennslustund.....	33
Stutt um þættina	34
Greining á trúarstefjum	34
Ítarefni	36
Syndaflóðið	36
8. kennslustund.....	37
Um þættina	37
Futurama 4:7 Crimes of the Hot.....	38
Futurama 1:4 Love's Labours Lost in Space.....	38
Ítarefni	39
Kristgervingar.....	42
9.-10.kennslustund.....	42
Um myndina	43
Ítarefni	45
11. kennslustund	46
Vinna í lokaverkefninu.....	47
Flutningur/sýning á lokaverkefni.....	48
Opinn tími.....	49
16.kennslustund.....	50
Lokaorð	51
Heimildaskrá.	52

Um námsefnið

Áfanginn *Trúarstef í kvikmyndum* er ætlaður sem valáfangi fyrir nemendur í 10.bekk. Þetta er tilraunaáfangi þar sem ekki er vitað um að áfangi af þessu tagi hafi verið kenndur í unglingsdeild í grunnskólum landsins. Það er þó vitað um að áfangi af þessu tagi hafi verið kenndur í Háskóla unga fólksins fyrir nokkrum árum. Háskóli Íslands breytist í Háskóla unga fólksins eina viku í júní og gefst vísindamönnum framtíðarinnar kostur á því að sækja fjölda stuttra námskeiða. Áfanginn *Trúarstef í kvikmyndum* er ætlaður fyrir eina önn. Hann er kenndur einu sinni í viku, 80 mínútur í senn. Áfanginn er þ.a.l. kenndur 16 sinnum yfir önnina en vegna þess að hver tími er tvöfaldur er um að ræða 32 kennslustundir.

Námskeiðið fjallar í grófum dráttum um trúarstef sem birtast í kvikmyndum en betur verður farið í innihald áfangans hér á eftir.

Efnið svarar í meginatriðum þeim kröfum sem gerðar eru í gildandi námskrá. Í Aðalnámskrá grunnskóla segir að skólanum er fyrst og fremst ætlað að miðla þekkingu og auka skilning á kristinni trú og öðrum trúarbrögðum, en ekki vera með trúboð. Nám í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræði hefur því tvennskonar megin tilgang, samkvæmt Aðalnámskrá grunnskólanna.

Annars vegar er því ætlað að stuðla að menntun og þroska nemenda og efla skilning þeirra á íslensku samfélagi og menningu í fortíð og nútíð. Þessu á að ná með því að nemendur þekki efni Biblíunnar og geri sér grein fyrir trúarlegu og menningarlegu mikilvægi hennar.

Hinsvegar er því ætlað að hafa mótandi áhrif á skólastarfið, sem á að einkennast af lýðræðislegu samstarfi, kristilegu siðgæði og umburðalyndi. Þannig á það að efla virðingu og skilning í samskiptum einstaklinga og þjóða með ólík lífsviðhorf. Þessum markmiðum á að ná með því að beina sjónum nemenda að útbreiddustu trúarbrögðum heims eins og búddadómi, hindúasið, Íslam og gyðingdómi að ógleymdri kristni. Í yngstu bekkjum grunnskólans er miðað að því að nemendur kynnist framandi trúarbrögðum og hvernig mismunandi trúarbrögð hafi áhrif á daglegt líf jafnaldra þeirra. Í efstu bekkjum grunnskóla á að fara kerfisbundið í helstu trúarbrögð heims.¹

¹ *Aðalnámskrá Grunnskólanna. Kristinfræði, siðfræði og trúarbrögð.2007:7*

Inngangur

Þessi áfangi heitir *trúarstef í kvikmyndum* og gengur út á það að greina trúarstef þ.e.a.s finna hvernig trúin birtist beint og óbeint í kvikmyndum. Áfanginn mun taka fyrir kvikmyndir, þætti og ljóð þar sem trúarstef leynast. Unglingum finnst kannski orðið trúarstef ekki spennandi en um leið og það er búið að tengja það við kvikmyndir vaknar strax meiri áhugi. Þessi áfangi er krefjandi fyrir þann sem kennir hann því hann þarf að halda nemendum við efnið því eflaust munu einhverjir nemendur skrá sig í þennan áfanga með það að leiðarljósi að vera skrá sig í léttan áfanga þar sem hann þarf bara að horfa á kvikmyndir. Áfanganum er skipt upp í 4 hluta, syndafallið, sögur af Jesú, syndaflóðið og kristgervingar og er unnið með efni þar sem trúarstefin fjalla um þessa hluti.

Á undanförunum árum hafa rannsóknir á áhrifum trúarbragða og trúarrita á samtímann okkar og menningu aukist töluvert. Þessi aukni áhugi á ekki síst við um kvikmyndir en mikil aukning hefur verið í útgáfu bóka um siðfræði, trúar- og biblíustef. Það kemur því ekki á óvart að augu fræðimanna beinast að kvikmyndum ef haft er í huga hversu gríðarlega áhrifamikill miðill kvikmyndin er nú á dögum. Guðfræðideild Háskóla Íslands hefur mikið verið að vinna í að rannsaka áhrif trúarbragða og trúarrita á samtímann og notað kvikmyndir sér til stuðnings og má segja að þessi áfangi sé tilraun til yfirfæra þessar rannsóknir og greiningu trúarstefja yfir á unglingsdeild í grunnskólum landsins.

Það þarf að hafa góða þekkingu á trúarritum til að greina áhrif þeirra og notkun í kvikmyndum. Fólk gerir sér oft á tíðum litla eða enga grein fyrir því hvað er komið úr Biblíunni og hvað ekki. Að greina trúarstef er ákveðin kúnt og þarfnast þjálfunar. Kennari þessa áfanga þarf því kynna fyrir nemendum hvernig greina á trúarstef og áður en að því kemur að sýna þeim kvikmyndir og annað efni. Hann þarf að kynna helstu trúarstefin, fyrir nemendum sínum, sem munu koma fyrir í efninu en ekki samt segja þeim hvernig þau birtast því það verður hlutverk nemandans að reyna að átta sig á því. Þetta er nauðsynlegt því sannleikurinn er sá að flestir kvikmyndaunnendur eru nær ólæsir á trúar- og biblíustef í kvikmyndum. Sem betur fer hefur hópur sem kallar sig Dec og stendur fyrir Deus ex cinema sérhæft sig í að greina trúarstef í kvikmyndum og leyft almenningi að njóta. Þessi áfangi er byggður á þeim hugmyndum sem þessi hópur setur fram um trúarstef í kvikmyndum og mælum við með að kennarinn skoði heimasíðuna www.dec.is og noti hana sér til stuðnings við kennsluna.

Hvernig á að kenna kristin fræði ?

Þeirri spurningu verður seint svarað til hlítar. Þó þessi áfangi fjalli um kristin fræði á öðruvísi hátt er þó verið að fjalla um trúna og því sem tengist kristnum fræðum. Námskrá í kristnum fræðum gefur vísbendingar sem nauðsynlegt er að kennarar kynni sér. Hér verður fjallað um fáein atriði að auki sem kennarinn getur haft til hliðsjónar þegar hann kennir þennan áfanga. Fræðimenn á sviði trúarbragða hafa leitast við að greina úr hvaða þáttum trúarbrögð eru spunnin eins og þau koma fram í samfélagi manna, án tillits hver þau eru. C.Y Glock nefnir í fræðum sínum eftirfarandi fimm þætti („On the study of Religious Commitment“,“ í Religious Education LVII, 1962) :

Vitsmunalegi þátturinn felur í sér þekkingarsvið viðkomandi átrúnaðar, trúarkenningar, hugtök og hugmyndir

Tilfinningalegi þátturinn sýnir með hvaða hætti hinn trúaði upplifir trú sína og samband við þann eða það sem trúað er á. Þessi þáttur er því mjög einstaklingsbundinn.

Hugmyndafræðilegi þátturinn er náskyldur þeim fyrsta og felur í sér að hve miklu leyti einstaklingurinn samsamar sig trúarkenningum, trúarhugmyndum og trúarlegu atferli og gerir að sínu.

Þáttur helgisiðana felur í sér hið trúarlega atferli. Ef dæmi er tekið af kristnidómi má nefna : bænir, þátttöku í guðþjónustum og kirkjulegum athöfnum svo sem skírn, fermingu o.s.frv.

Þáttur afleiðinganna eða félagslegi þátturinn leiðir í ljós í hve ríkum mæli hið trúarlega hefur áhrif á og kemur fram í siðferðilegri breytni í samskiptum við aðra, umgengni við náttúruna og lífi samfélagsins yfirleitt.

Til að gefa nokkurn veginn óbjagaða mynd af tilteknum átrúnaði þarf í kennslu að koma öllum þessum þáttum að með einum eða öðrum hætti. Í trúarbragða- og siðfræðikennslu í

grunnskóla er ljóst að aldrei verður hægt að draga upp annað en ófullkomna mynd. Því skiptir máli að útlínur sem dregnar eru séu réttar svo hægt sé að fylla upp í myndina síðar.²

Hlutverk kennarans

Í bókinni *Regnboginn* eftir þau Iðunni Steinsdóttir og Sigurð Pálson segir að hlutverk kennara sem kennir kristin fræði sé eftirfarandi :

Margir telja kennslu í kristnum fræðum viðkvæmara viðfangsefni en margt annað sem fengist er við í skólanum. Ekki skal gera lítið úr því. Hlutverk kennarans í kennslu kristinna fræða, siðfræði og trúarbragðafræði er fyrst og fremst hlutverk fræðarans, ekki trúboðans.

Kennaranum er ætlað að miðla þekkingu og skilningi með því að leggja efnið fyrir á hlutlægan hátt þannig að það tali fyrir sig sjálf og nemendum verði ljós merking þess. Þetta á að vera óháð því hvaða trúarskoðanir kennarinn hefur sjálfur.

Til að svo megi verða eru ekki gerðar aðrar kröfur til kristinfræðikennara en annarra, þ.e. að þeir hafi staðgóða þekkingu á efninu, sýni því og nemendum virðingu og umburðarlyndi og ráði yfir færni til að koma því til skila þannig að börn með ólíkar forsendur og á ólíkum aldri hafi gagn af.³

Þó að kennarinn sem kennir þennan áfanga sé ekki beint að kenna kristin fræði heldur að vinna með það að finna trúarstef í kvikmyndum sem tengjast Biblíunni þarf hann að hafa þessa þætti í huga. Það er alltaf viðkvæmt mál að tala og kenna um trúarbrögð og þarf kennarinn að hafa margt að leiðarljósi þegar hann kennir efni sem tengist kristinni trú.

Nemendur koma af „mis trúuðum“ heimilum, hafa alist upp við mismunandi trúarbrögð eða einfaldlega trúa ekki á neitt. Þó að kennarinn þurfi að hafa þessa hluti í huga þá eiga þeir ekki að skipta það miklu máli þegar verið er að kenna áfangann *Trúarstef í kvikmyndum* því þar er markmiðið að þjálfa nemendur í að finna trúarstef í mismunandi hlutum eins og t.d kvikmyndum og ljóðum. Það er engin skylda að trúa á eitthvað ákveðið til að vera í þessum áfanga samt ber að hafa þessi atriði í huga.

Í lokin er rétt að benda á að þó að þessi áfangi sé vel skipulagður þá hefur kennarinn nokkuð frjálssar hendur þegar hann er að kenna hann og má taka fyrir þætti sem eru ekki í kennsluáætluninni því í áfanganum eiga að skapast skemmtilegar umræðu og þarf kennarinn að spinna út frá því sem hann fær í hendurnar frá nemendum sínum. Benda má á að kennarinn má skipta um innihald með því t.d að skipta út kvikmyndum fyrir aðrar.

² Iðunn Steinsdóttir, Sigurður Pálsson 2000:5

³ Iðunn Stefánsdóttir, Sigurður Pálsson 2000:7

Á veraldarvefnum

Áður en farið verður í innihald áfangans og skiptingu kennslustundanna er tilvalið að benda kennara námskeiðsins á nokkrar góðar heimasíður sem geta nýst honum. Ýmsir möguleikar gefast á veraldarvefnum, bæði kennurum og nemendum, í tengslum við kennslu í trúarbrögðum og siðfræði. Sjálfsagt er að nýta sér þetta ef fært er. Hér á eftir eru vefslóðir sem kennarar geta nýtt sér :

<http://kvasir.sol.no/rel/>

Kvasir er með sérstök uppflettiorð fyrir trúarbrögð og heimspeki.

http://dir.yahoo.com/society_and_culture/reigion/

Yahoo felur í sér tengsl við staði víðs vegar í heiminum sem tengjast trúarbrögðum. Hér er mikið magn upplýsinga að hafa.

www.dec.hi.is

heimasíða rannsóknarhópsins Deux ex cinema. Hér má finna fjöldan allan af kvikmyndum sem innihalda trúarstef og fleira fróðlegt efni.

www.biblian.is

Biblían á vefnum. Mjög sniðug heimasíða þar sem aðvelt er að leita að efni í Biblíunni. Hentar vel bæði fyrir nemendur og kennara.

Einnig hefur félag kennara í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræðum komið upp hugmyndabanka í Kennslumiðstöð Háskóla Íslands (Kennaraháskóla Íslands). Félagði er með vefsíðuna **www.kennslaogtm.is**.

Þessar síður eru ætlaðar til að auðvelda kennslu þessa áfanga. dec.hi.is og biblian.is tengjast efninu beint og ætti kennarinn að nota þær mikið en hinar þrjár mætti segja að væru heimasíður sem kennarinn geti notað sér til stuðnings og tengjast áfanganum óbeint.

Tími – um það bil einn tími

Kynning á innihaldi áfangans

1. tími fer aðallega í það að kynna námskeiðið fyrir nemendum þ.e.a.s. kynna þeim fyrir hvað áfanginn *Trúarstef í kvikmyndum* fjalli um í grófum dráttum, að honum sé skipt upp í fjögur þemu sem unnið verður með. Í byrjun hvers þema verður farið í gengum sögu úr Biblíunni. Kennarinn er með innlögn á trúarstefjum og hefur opnar umræður í kjölfarið. Kennarinn getur spurt nemendur hvort þeim detti einhverjar myndir í hug sem eru með trúarstefjum, hvað sé trúarstef og hvað sé ekki trúarstef o.s.frv.

Það má segja að kennarinn geti farið margar leiðir í að opna áfangann en hann verður að reyna að virkja sem flesta nemendur í fyrstu umræðunni því það er mjög mikilvægt að hafa alla nemendurnar virka í þessum áfanga. Mælt er með því að kennarinn fari með nemendur í gegnum flokkunarkerfi *Deus ex cinema* á trúarstefjum og prenti það út og láti nemendur hafa. Nemendur geta því átt útlistun á flokkunum og haft hana til hliðsjónar út námskeiðið.

Markmið - Að nemandinn

- + Fá áhuga á að leita eftir trúarstefjum.
- + Örvum hugmyndaflug sitt og dragi fram fyrri þekkingu á viðfangsefninu.
- + Kynnist flokkun á trúarstefjum með þeim tilgangi að geta notað það sem greiningaraðferð í áfanganum.

Kennsluaðferð: Þankahríð, innlögn, umræðu og spurnaraðferðin

Kennslulýsing:

- Kveikja- Hvað dettur ykkur í hug þegar þið heyrið orðið trúarstef? Hvar getum við fundið þau/það?

1.kennslustund

Kynning á trúarstefjum

Kennarinn þarf að hafa það á hreinu hvað trúarstef sé áður en hann byrjar að kenna þennan áfanga. Farið verður eftir flokkunarkerfi Deus ex cinema. Hann þarf að fara með nemendum yfir trúarstefin og hverjir séu helstu flokkarnir svo þeir átti sig á því hvað námskeiðið gengur út á.

Hvað eru trúarstef?

Algengasta spurningin sem fræðimenn á þessu sviði fá er hvort þeir séu ekki bara að lesa einhverja hluti inn í kvikmyndirnar, með öðrum orðum að um oftúlkun sé að ræða. Þessi spurning felur í sér mjög einfalda sýn á hvað trúarstef í kvikmyndum eru. Því er nauðsynlegt, áður en lengra er haldið, að útskýra helstu grunnþætti slíkra rannsókna.

Það er grundvallaratriði að menn geri sér grein fyrir því að hugtakið „trúarstef“ er safnheiti sem vísar til ólíkra trúarhefða og trúarbragða sem ýmissar fræðigreinar hafa fengist við að rannsaka líkt og ritskýring, trúfræði, trúarheimspeki, sálgæslufræði, siðfræði, kirkjusaga og almennrar trúarbragðafræði. Trúarstef eru í flestum, ef ekki öllum kvikmyndum a.m.k ef tekin erum með siðferðisstefin. Það er til dæmis erfitt að ímynda sér nokkra þá bío mynd, sem ekki geti talist siðferðileg á einhvern hátt, þ.e. að ekki komi við sögu siðferðileg vandamál eins og lygar, framhjáald eða morð. Rétt eins og kvikmyndir fjalla um lífið gerir trúin það líka og því hlýtur sérhver kvikmynd að hafa einhverja trúarlega vídd.

Vissulega eru sumar kvikmyndir trúarlegri en aðrar. Kvikmyndir um nunnur eða rabbína eru til dæmis líklegri til að geyma fleiri trúarstef en spennumyndirnar Die Hard eða Rambo. Slíkt er þó aldrei sjálfgefið. Spennu- og ævintýramyndir geta nefnilega allt eins verið háguðfræðilegar og nægir þar að nefna Star Wars myndirnar og The Matrix. Flokkunarkerfi Deus ex cinema gefur góða innsýn í hversu víðfeðm þessi fræði geta verið.⁴

⁴ Árni Svanur Danielsson 2007

Hvað er flokkunarkerfi Deus ex cinema?

Þegar meðlimir í Deus ex cinema hópnunum ákváðu að setja upp samnefndan vef var farið út í þá vinnu að flokka trúarstef í kvikmyndum. Sú vinna er enn í gangi, enda tekur vinnuskemað stöðugum breytingum með aukinni reynslu og þekkingu af viðfangsefninu. Í dag eru flokkarnir 13.

1.Beinar tilvísanir í texta í trúarritum

Allar beinar tilvísanir í trúartexta, hvort sem það er Biblían, Kóraninn, Mormónabók eða eitthvert annað trúarrit. Skráningin getur verið allt frá því að vera heiti á trúarriti sem minnst er á í kvikmynd eins og Bhagavat-Gita til ákveðins vers í trúarriti eins og 1M 4:7.

2.Hliðstæður við texta í trúarritum

Þótt ekki sé vitnað beint í trúartexta fer það oft samt ekki á milli mála að verið sé að vinna með þann texta. En í þennan flokk eru ekki aðeins skráðar óbeinar vísanir í trúarrit heldur einnig hliðstæður, jafnvel þótt textinn sé yngri en kvikmyndin sem um ræðir. Það sem skiptir máli er að hliðstæða hugsun sé að finna í myndinni og trúarritinu

3.Persónur úr trúarritum

Í þennan flokk eru skráðar allar þær persónur sem koma fyrir í trúarritum, jafnvel þótt þær hafi aðeins nafn utan ritanna, eins og tengdadóttir Heródesar sem fengið hefur nafnið Salóme, eða Lillit sem trúarhefðin segir vera fyrstu eiginkonu Adams. Einnig gildir einu þótt persónurnar hafi einhvern tímann verið til eða ekki eða hvort þær eru mennskar, andar eða dýr. Hrafnar Óðins, Huginn og Muninn, eiga því til dæmis einnig heima í þessum flokki. Þá ber að sjálfsögðu að skrá alla trúarbragðahöfunda í þennan flokk eins og Múhamed eða Jesú Krist.

4.Sögulegar trúarpersónur

Hér eru skráðar allar þær persónur sem gegnt hafa mikilvægu hlutverki í trúarsögunni en eru ekki hluti af trúnni sjálfri eða trúarritum hennar. Dæmi um slíkar persónur eru til dæmis Ágústínus kirkjufaðir, Marteinn Lúther og Móðir Theresa allt fólk í kirkjusögu. Gandhi ætti einnig heima í þessum flokki sem og Malcolm X og Dalai Lama. Ólíkt flokknum hér að framan verða þessar persónur að vera mennskar og að hafa einhvern tímann verið til.

5. Guðfræðistef

Guðfræðistef er nokkuð víður flokkur en sem dæmi um hugtök sem falla í þann flokk má nefna dauðann, eilíft líf, endurholdgun, frelsið, heimsslit, karma, kristgervinga, kraftaverk, krossfestinguna, manneðlið, miskunn Guðs, réttlætið, syndina, tilgang lífsins, tvíhyggju, upprisu, vantrú og örlög. Undir þennan flokk heyra einnig viðfangsefni sem tilheyra sálgæslunni eins og sorg og sorgarferli. Í stuttu máli má segja að í þennan flokk lendi tilvistarleg, guðfræðileg og sálgæsluleg viðfangsefni.

6. Siðfræðistef

Eins og nafnið gefur til kynna er hér skráð allt sem getur flokkast sem siðferðilegt og má greina með aðferðum siðfræðinnar, en það getur verið eins fjölbreytilegt og auðmýkt, fíkniefnaneysla, fjölkvæni, fordómar, framhjáhald, genabreytingar, heiðarleiki, hernaður, hégómi, hjálpssemi, hroki, kynferðisleg misnotkun, kynþáttahatur, mannát, mannréttindi, morð, náttúruvernd, svik, sífjaspell, sjálfsvíg, ofbeldi og þjófnaður.

7. Trúarbrögð

Í þennan flokk eru ekki aðeins skráð trúarbrögð eða trúarhreyfingar mannkynsins, eins og islam, falun gong eða rómversk-kaþólska kirkjan, heldur einnig trúarstefnur eins og nýöld og spíritismi og hópar sem geta haft trúarleg einkenni eins og nasismi, húmanismi og kommúnismi.

8. Goðsögulegir staðir og helgistaðir

Hér eru skráðir goðsögulegir og sögulegir staðir sem gegna einhverju hlutverki í trúarbrögðum, hvort sem það er himnaríki, hlið helvítis, Valhöll, kirkja, trúboðsstöð, Róm, Vatíkanið eða steinahringirnir (Stonehenge) á Salisburysléttunni í Suður-Englandi.

9. Helgidagar og sögulegir atburðir

Eins og heiti flokksins gefur til kynna eru hér skráðir helgidagar trúarbragða eða sögulegir atburðir sem snerta trúarbrögðin á einhvern hátt. Dæmi um helgidaga er til dæmis sunnudagurinn, jólin eða föstuendahátíðin hjá múslimum. Margir sögulegir atburðir hafa trúarlega þýðingu og dugar þar að nefna atburði eins og tíma frumkirkjunnar, krossfarirnar, siðbótartímann og helförina.

10. Trúarleg tákni

Trúarleg tákni eins og krossinn gegna oft mikilvægu hlutverki í kvikmyndum. Hér er þó ekki

aðeins átt við tákni eins og hálfmána, daviðsstjörnuna, dúfu, fisk eða epli heldur einnig trúarlega hluti eins og talnaband, mesúsu, maríumynd, altari, skírnarfont, tarot spil, kerti og kirkjuklukkan. Þá hafa dýr og litir oft tákna merkingu eins og glóbrystingur, kráka, einhyrningur og svartur, rauður og hvítur litur. Goðsögulegir hlutir falla einnig í þennan flokk eins og askja Pandóru og hamar Þórs.

11. Trúarembætti

Það fyrsta sem fólki dettur væntanlega í hug þegar minnst er á trúarembætti er prestur, nunna, jesúti, kardínáli, páfi, rabbíni, gúru eða eitthvað þess háttar. Þessi flokkur er þó mun víðari en það og myndu til dæmis altarisdrengir, kirkjukórar, spákonur, miðlar og seiðskrattar einnig teljast til hans, enda gegna þau öll einhvers konar hlutverki í tilteknum trúarbrögðum.

12. Trúarlegt atferli

Til þessa flokks teljast allar þær athafnir sem hafa á einhvern hátt trúarlega merkingu. Augljósustu dæmin eru líklega bænin, signing, skírn, jarðarför, hjónavígsla og skriftir. En hér eiga einnig heima atferli eins og gjafir til trúarsafnaða, trúboð, sálmasöngur, fótaþvottur, lófalestur, bölvun, særing, að gefa einhverjum illt auga og að senda góðar hugsanir.

13. Trúarleg reynsla

Í síðasta flokknum er tekin fyrir hvers kyns trúarleg reynsla eins og andsetning, bænasvar, draumar, endurlausn, kraftaverk, kristssár, köllun, leiðsla, meyjarafeðing, opinberun og sýn. Af þessari upptalningu er ljóst að trúarstef eru margþætt. Ekki er nóg að líta aðeins á trúartexta, trúarbrögð eða trúarembætti heldur ber einnig að huga að trúartáknum, sögulegum atburðum og trúarlegri reynslu svo eitthvað sé nefnt.

Hver er kostur þessa flokkunarkerfis?

Kosturinn við að hafa flokkunarkerfi sem þetta er sá að það hjálpar fólki að hugsa um trúarstef út frá víðari sjónarhorni. Með því að hafa alla þessa þætti í huga er líklegra að maður taki eftir þeim trúarstefjum sem koma fyrir í kvikmyndum og eigi auðveldara með að greina kvikmyndir í ljósi þeirra. Flokkarnir eru einnig þægilegir fyrir alla grunnvinnu.⁵

⁵ Árni Svanur Daníelsson 2007

Eftirfarandi texti er einnig frá heimasíðu Deus ex cinema en það má segja að innihald þessa texta sé rauði þráðurinn í áfanganum og þarf kennarinn að kynna sér þetta efni mjög vel fyrir nemendum sínum.

Stef og gervingar

Margir kvikmyndagerðarmenn hafa farið þá leið að setja sögur Biblíunnar í nýtt samhengi. Í þessum myndum er atburðarásin áþekk því sem gerist í Biblíunni og vísað er beint í texta hennar. Í slíkum tilfellum er ýmist unnið með stef, eins og edenstefið eða einstaka persónur Biblíunnar, eins og Jesú Krist.

Dæmi um hið fyrrnefnda er kvikmyndin Pleasantville (1998), en hún fjallar um systkin, sem send eru inn í svart-hvítan sjónvarpsþátt, þar sem heimurinn er fullkominn. Enginn þjáist eða líður skort og allir eru sáttir við líf sitt. Eftir komu systkinanna í þáttinn fer heimurinn hins vegar að breytast eða „falla“. Karlinn, sem sendi systkinin inn í þáttinn, ákveður þá að refsa þeim með því reka þau burt úr þættinum og aftur inn í hinn raunverulega heim. Í myndinni er nokkrum sinnum vísað beint í söguna af Adam og Evu. Áhugaverðasta vísunin er líklega sú þegar karlinn, sem sendi þau inn í þáttinn, segir strákinn vera sekan og sýnir honum máli sínu til stuðnings upptöku af því þar sem hann bitur í fagurrætt epli. Það dylst fáum sem séð hafa þessa mynd að verið er að vinna markvisst með söguna af Adam og Evu, nema hvað hér hefur hún verið heimfærð upp á nútímann og boðskapnum verið breytt töluvert.

Edenstefið er aðeins eitt af stefjum í Biblíunni. Dæmi um önnur stef er til dæmis exódusstefið, brottförin af Egyptalandi, dómsdagsstefið, sköpunarstefið, bróðurmorðsstefið, og útvalningarstefið. Exódusstefið er nokkuð algengt í kvikmyndum og má þar til dæmis nefna The Night of the Hunter (1955) og Lawrence of Arabia (1962). Langalgengast allra þessara stefja er þó líklega dómsdagsstefið og má þar til dæmis nefna Omen myndirnar (1976, 1978, 1981 og 1991), The Devil's Advocate (1997) og The Four of the Apocalypse (1975).

Sálmar Gamla testamentisins eru viðfangsefni margra kvikmynda en hæpið er að tala almennt um sálmastef eða saltarastef, þar sem fjölmörg og ólík stef koma þar fyrir. Eðlilegra er að vísa til hvers sálms fyrir sig. Textar eins og sálmarnir eru eilítið frábrugðnir fyrrnefndum stefjum því að þar er ekki verið að vinna með ákveðna sögu heldur ljóðrænar bænir. Dæmi um notkun sálma í kvikmyndum eru til dæmis Kolya (1996) þar sem sálmur 23 gegnir veigamiklu hlutverki, The Wings of the Dove (1997) þar sem söguþráðurinn er að stórum hluta sóttur í sálm 55 og The Sixth Sense (1999) en í þessari vinsælu hrollvekju er lögð áhersla á sálm 130 og svipar söguþráður myndarinnar til boðskapar sálmsins.

Stef vísa sem sagt til tiltekinnar sögu eða texta í Biblíunni. Þegar unnið er hins vegar með persónur Biblíunnar er ekki talað um stef heldur gervinga. Hér er kristgervingurinn langvinsælastur, en besta dæmið um kristgerving er líklega kanadíska myndin *Jésus de Montréal* (1989). Myndin fjallar um leikarann Daniel sem fenginn er til að setja á svið píslasöguna. Daniel ákveður að leika Jesú sjálfur en brátt fer hans eigið líf að endurspegla ævi og starf frelsarans. Hann rekur fólk út með svipu, rétt eins og Kristur í musterinu, ögrar trúaryfirvöldum og lætur svo lífið á krossinum. Í lokin eru líffæri Daniels grædd í aðra og verður því dauði hans til þess að aðrir fá sýn og nýtt hjarta og þar með nýtt líf.

Bilið á milli stefja og gervinga er í raun hárfínt. Í flestum kvikmyndum þar sem unnið er með stef Biblíunnar er einnig að finna gervinga sem og öfugt. Í kvikmyndinni *Pleasantville* má til dæmis segja að systkinin séu adams- og evugervingar. Hér eru þó ýmis frávik. Í kvikmyndinni *Pi* (1998) er til dæmis að finna sterkt edensstef án þess að hægt sé að tala um einhverja gervinga. Sumar sögur eru einnig svo tengdar persónunum Biblíunnar að hentugra er að tala um gervinga en stef. Þetta á til dæmis við um Jesú Krist og Samson og Dalílu. Af þessu er ljóst að þótt líttill merkingarmunur sé á hugtökunum stef og gervingur er engu að síður hagkvæmt að greina á milli persóna og sögunnar sem þær koma fyrir í.⁶

Tími – um það bil þrjár kennslustundir

Syndadafallið

Trúarstefin leynast víða og er mikilvægt að opna augu nemenda fyrir því. Syndafallið er fræg saga úr Biblíunni og er unnið með hana í ljóðum sem og í kvikmynd í þessum áfanga. Þau ljóð sem tekin eru fyrir eru: *Drottinn á gangi*, *Útlaginn* og *Helgimynd* eftir Snorra Hjartarson, og *Í Eden* eftir Þorgeir Sveinbjarnarson. Í þessum ljóðum má finna trúarstef sem tengjast syndafallssögunni og einnig má finna tilvísun í söguna í myndinni *The Truman show*.

Markmið - Að nemandinn

- ✦ Þekki helstu sögur úr Biblíunni

⁶ Árni Svanur Danielsson 2007

- + Geti greint með hjálp kennara trúarstef í kringum sig
- + Verði betur fær um að skilja og njóta trúarlegrar tjáningar, m.a. í tónlist, myndlist, bókmenntum og kvikmyndum.⁷
- + Þjálfist í að greina siðferðileg álitamál og umræðu í nútímanum, svo sem í fjölmiðlum, bókmenntum, kvikmyndum og dægurtónlist.⁸
- + Læri að tengja sögur úr Biblíunni við kvikmyndir
- + Byggi á fyrri þekkingu sinni við nám

Kennsluaðferð - Sýnikennsla/áhorf, spurnar og umræðuaðferðin

2.kennslustund

Kennslulýsing

- Kveikja : Farið er yfir syndarfallið með nemendum og í kjölfar þess er gott að kennarinn noti opnar spurningar til að fá umræðu um hana.
- Til að byggja upp þekkingu á hvernig trúarstef birtist er gott að byrja á að sýna nemendum það í beinum texta og eru ljóð tilvalin til þess. Nemendum er skipt í hópa og hver hópur fær ljóð til að vinna með(sjá fylgiskjal 2). Ljóðin tengjast öll syndarfallinu í Biblíunni. Hver hópur þarf að skoða ljóðið og greina trúarstefin sem þeir sjá í því. Hóparnir þurfa svo að gera grein fyrir niðurstöðum fyrir samnemendum sínum. Í lokin á svo hver nemandi að búa til sitt eigið ljóð með syndarfallið í huga og flytja fyrir bekkinn.

Ljóðin

⁷ Aðalnámskrá grunnskólanna. Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði 2007: 8

⁸ Aðalnámskrá grunnskólanna. Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði 2007: 17

Ljóðin vinna öll með sama trúarstefið. Tilvalið er að kennarinn lesi upp ljóðin fyrir nemendurna og skipti þeim síðan í hópa til að greina ljóðin. Það sem nemendurnir þurfa að leitast eftir í ljóðunum er eftirfarandi: Hvert er trúarstefið sótt? Hvaða merkingu hefur það í viðkomandi trúarbrögðum? Hvernig er unnið með trúarstefið í ljóðunum? Í hvaða samhengi er það sett? Hvaða merkingu fær það í nýju samhengi? Hverju vilja skáldin koma á framfæri með notkun sinni á trúarstefinu?

Mælt er með því að kennarinn prenti út ítarefnin sem koma á eftir umfjölluninni um *The Truman show* eða leyfi nemendum að fara á biblian.is og lesa söguna um syndafallið til að auðvelda nemendum að greina trúarstefin í ljóðunum.

Drottinn á gangi

Drottinn á gangi

Um aldingarðinn

Í kvöldsvalanum

Og þau skelfdust og vissu

Að þau voru sek

Ó drottinn

Enn fylgdist þú með gerðum

Barna þinna

Hefurðu ef til vill í hyggju

Að leysa okkar undan

Þessari útleð

Sem þú rakst okkur í forðum

Láta okkur hverfa.⁹

⁹ Snorri Hjartarson 1992: 24

Helgimynd

Í grænu rökkri

Undir greinum trésins

Réttir hún fram rautt eplið

Heit augu gljá

Hendur leita

Og hann grípur það, finnur

Hinn gljúpa sætleik

Með titrandi hendur

Um tvö hvít epli¹⁰

Útlaginn

Logi hins svipanda sverðs

Og hvinur þess yfir höfði mér

Á leiðinni að lífsins tré

Útlægur úr garðinum, útlægur

Og þrá mín sú ein

Að ná þangað aftur

Tréð og lindin við rætur þess

Hvað vil ég gefa

Fyrir einn drykk af lindinni

Eitt aldin sem glóir í laufinu

Allt vil ég gefa. Öllu

Vil ég fórna, en hvar

Er ég staddur á viðsjálum stígnum

¹⁰ Snorri Hjartason 1992: 52

Hið góða sem ég vil

Hið vonda

Milli rökkvaðra hæða

Og leiftur sverðsins yfir mér.¹¹

Í Eðen

Guð segir

Við Adam

Gættu þín

Á þungum hrammi dýrsins,

Köldu biti

Slöngunnar

Og ljúffengum ilmi

Blómsins.¹²

Eftir að hafa fjallað um og greint ljóðin er komið að því að nemendur semji sín eigin ljóð. Ekki gefst mikill tími fyrir það og þurfa því nemendur að hafa hraðar hendur. Einu skilyrðin fyrir ljóðinu eru sú að þau þurfa að vitna í syndafallið beint eða óbeint. Ef tími gefst eiga svo nemendur að lesa upp ljóð sín og greina frá trúarstefjunum.

3-4.kennslustund

¹¹ Snorri Hjartarsson 1979:35

¹² Þorgeir Sveinbjarnarson 1971:16

Kennslulýsing

- Undirbúningur undir áhorf myndarinnar *The Truman show*. Nemendur fá verkefnablað (sjá fylgiskjal nr.1) til að hafa við höndina og punkta hjá sér um leið og myndin er sýnd. Mikilvægt að kennarinn fari vel yfir verkefnablaðið með þeim og gefi þeim færi á að spyrja ef eitthvað er óljóst. Þetta auðveldar nemendum að greina trúarstefin í myndinni.
- Horft er á myndina *The Truman show*. Nemendur hafa nú þegar unnið með trúarstef tengt syndafallinu í beinum texta og nú reynir á að þau greini þau í myndmáli. Á seinustu 10 mínútunum í myndinni er að finna talsvert af trúarstefjum. Kennarinn getur stoppað myndina fyrir lokakaflann og látið nemendurna vita og láta þá skrifa hjá sér þau trúarstef sem þeir sjá. Nánar er fjallað um þetta seinna í handbókinni.
- Að myndinni lokinni eru umræður um myndina í heild sinni og nemendum skipti í hópa til að svara spurningum. Hver hópur fær eina spurningu. (sjá fylgiskjöl nr.3 og nr.4)
- Nemendur gera grein fyrir niðurstöðum sínum fyrir samnemendum.

The Truman show

Myndin fjallar um Truman sem er fræg kvikmyndastjarna þrátt fyrir að hann viti ekki af því. Allt hans líf er tekið upp og er sýnt í beinni útsendingu í sjónvarpinu. Heimurinn sem Truman býr í er risastórt kvikmyndaver sem er búið til eingöngu í kringum hann. Þegar líða fer á myndina fer Truman að fá þá tilfinninguna að ekki sé allt sem sýnist.

Í myndinni er gífurlega mikið af trúarstefjum og gott er fyrir kennara áður en hún er sýnd að rifja upp syndafallssöguna með nemendum sínum. Í myndinni er auðveldlega hægt að finna vísanir í hana og persónur úr henni.

Skapari lífs Trumans, Christof, ákvað að kalla heimabæinn hans Seahaven eða Sjávarparadís, Eden. Hann telur sig eingöngu vera að gefa Truman færi á eðlilegu lífi þar sem Seahaven er eins og heimurinn ætti í raun að vera. Hinni ytri heimur sé sjúkur. Í enda myndarinnar talar

hann sjálfur við Truman og er að sannfæra hann um að flýja ekki Seahaven: „Í mínum heimi þarft þú ekkert að óttast“. Tilvísanirnar í Eden eru nokkuð augljósar.¹³

Í myndinni er hægt að greina einhvers konar Evugerving sem freistar Trumans, sem er Adam, í myndinni. Hún heitir Sylvia og reynir að koma þeim skilaboðum til hans að líf hans sé byggt á lygi og að hann eigi að yfirgefa Seahaven. Truman verður ástfanginn af Sylvíu en þau byrja sambandið á bókasafni, skilingstré góðs og ills. Eftir að Truman kemst síðan að sannleikanum getur hann ekki lengur búið í „Eden“, því slíkt væri sjálfsblekking. Ólíkt sögunni af Adam og Evu er Truman þó ekki rekinn úr Eden heldur fer hann sjálfviljugur. Christof sem hægt er að líta á sem Guð reynir meira að segja að fá hann til að dvelja áfram í paradís.¹⁴

Í myndinni hefur höfundur leikið sér mikið með orðaleiki.

Truman = hinn sanni maður (True man)

Seahaven = Sjávarhimnaríki

Skaparinn heitir Christof = Kristur, en það má segja að hann búi upp á himnum.

Skútan sem Truman siglir er númer 139 en það vísar í sálm 139.¹⁵

Í lokaatriði myndarinnar koma fjölmörg trúarstef fyrir og væri sniðugt fyrir kennarann að stoppa myndina áður en lokakaflinn byrjar og láta nemendur taka upp blað og penna og skrifa hjá sér það sem þau sjá. Trúarstefin eru eftirfarandi :

81:00 Truman í ólgusjó. Í myndinni er hafið táknað dauðans og glundroða en sú túlkun er algeng í Biblíunni.

81:28 Skútan sem Truman notar til að sigla yfir hafið á heitir Santa María, sama og móðir Jesú. Á ferðinni yfir hafið (á Maríu meyjar skútunni) eru einnig margar Kriststílvísanir.

83:35 Bandið sem Truman bindur um sig myndar kross um bringu hans.

84:00 Hann „deyr“ eins og Kristur.

84:16 Truman í krossfestingarstillingu með bandið í kross um brjóst sér. Undir heyrir orgeltónlist.

84:35 Truman „rís síðan upp frá dauðum“ þegar hann kemur upp úr hafinu. Upprisusenan minnir einnig á skírni Krists en þegar hann kemur upp úr vatninu fellur sólstafur á hann og handleggir hans eru í krossfestingarstillingu.

¹³ Þorkell Ágúst Óttarsson 2002 a

¹⁴ Þorkell Ágúst Óttarsson 2002 a

¹⁵ Þorkell Ágúst Óttarsson 2002 a

87:30 Þegar Truman yfirgefur skútuna gengur hann meðfram veggnum en það lítur út eins og hann gangi á vatni.

87:57 Eftir að hafa „gengið“ á vatninu í smá tíma stígur hann upp til himna og inn um himnadyr, þ.e. hann gengur inn um dyr í himnahvelfingunni í sviðsmyndinni.¹⁶

Í myndinni velur Truman, Adam, hinn fallna heim fram yfir hinn ófallna og hafnar með því hinni fullkomnu paradís. Hægt er að líta svo á að Truman sé nokkurs konar kristgervingur í myndinni þrátt fyrir að það sé hæpið, þar sem hann bjargar aðeins sjálfum sér. Engu að síður er ljóst að kvikmyndagerðamennirnir vilja gefa frelsun hans trúarlegan undirtón með öllum þessum vísunum.¹⁷

Christof, Guð, stýrir eftirlitinu og hefur stjórn á öllu. Hann ræður veðri og vindum og segir „verði ljós“ ef svo ber undir. Hann er „sá stóri“ sem er tilbúinn að fórna lífi Trumans í lokasenunni, ef það tryggir sjónvarpsþættinum meira áhorf.

Viðbótartexti um myndina fyrir kennara

The Truman show eða Trumanþátturinn er kvikmynd sem snýst um eina klassískustu spurningu heimspekinnar: Er heimurinn, sem við erum stödd í, hinn raunverulegi heimur, sanni heimur? Eða er heimurinn eins og hann blasir við okkur blekking líkt og draumurinn? Flestir kannast við að hafa spurt sjálfan sig þessa sem börn. Þótt við teljum okkur löngu vaxinn upp úr frumspekilegum tveggja-heima-kenningum hafa spurningar um mun sýndar og reyndar öðlast nýja merkingu á tímum margmiðlunar- og upplýsingarsamfélagsins. Líkt og Platon taldi mennina fanga í helli skuggamynda sem blekkir sýn þeirra á hið sanna eðli raunveruleikans, er Truman fangi í gerviheimi, hellisbúi í heimi samtímans. Það má því segja að höfundar myndarinnar spyrji með þessari allegoríu sömu spurningar og Platon: Eru nútímamenn fangar í helli skuggamyndanna sem ljósvakamiðlar varpa á vegg veruleikans? Er eins ástatt fyrir okkur og Truman?

Erum við trúmenn eins og Truman því líkt og hann lifum við í þeirri trú að þessi heimur „sem okkur er kynntur“ sé raunverulegur? Ýmsir heimspekilegir greinendur fjölmiðla- og

¹⁶ Þorkell Ágúst Óttarsson 2002 a

¹⁷ Þorkell Ágúst Óttarsson 2002 a

upplýsingatæknisamfélagsins eru þeirra skoðunar að við lifum í blekkingu, við séum trúmenn í þeim skilningi að myndir heimsins sem varpað er á skjáinn fyrir okkur séu ekki sannar myndir af raunveruleikanum eins og hann er. Við erum enn fangar í helli, eins og Platon hélt fram, og trúum því að myndirnar sem okkur eru sýndar veiti rétta sýn á raunveruleikann. Eins og Guð skapaði heiminn á sjö dögum eru Trumanþættirnir tölusettir fyrir sérhvern nýjan dag sköpunar. „Ég skapari sjónvarpsþáttar“, segir Christof þegar Truman kemst í samband við hann. Christof talar eins og Guð. Hann segir við Truman að í heiminum sem hann hafi búið honum sé ekkert að óttast. Og staðreyndin er sú að eyjan Seahaven er unaðsreitur, hins sjúklega venjulega manns. Allir brosa og eru yfirmáta snyrtilegir og almennilegir. Enginn stingur í stúf við annan í hinni ofurvenjulegu klisjuborgara Seahaven.¹⁸

Truman býr við fullkomið eftirlit. Hann er hvergi óhultur fyrir þúsundum myndavéla, hinum alsjáandi augum skaparans (eins og við erum í raunveruleikanum, guð er allstaðar). Þess vegna er bærinn sem Truman býr í tákni fyrir ógnarstjórn framtíðarinnar í hinu fullkomna eftirlitsþjóðfélagi. Christof (guð) stýrir eftirlitinu. Hann ræður veðri og vindum og segir „verði ljós“ ef svo ber undir. Hann er „sá stóri“ sem er tilbúinn að fórna lífi Trumans í lokasenunni, ef það tryggir sjónvarpsþættinum meira áhorf.

Þegar Truman gengur út úr hinum ósanna heimi hættir hann að vera „trúmaður“. Trú útilokar aðra möguleika en þá sem trúað er á. Honum gefst loks tækifæri til að kynnast fleiri sönnum og missönnum gerðum heimsins. Kossinn sem býður hans handan hornsins verður á við marga sannleiksblossa. En eins og allar sögur á hvíta tjaldinu er sagan um Truman bara skáldskapur um ást, fals, sannleika og lygi. Truman show er allegoría um blekkingarheim kvikmyndanna. Það athyglisverða við þessa hellislíkingu samtímans er að hún er gerð af þeim sem búa til skuggamyndirnar sem er varpað á vegg hellisins. Þeir segja „Við búum til lygi“ og „það er logið að ykkur“. Það er allavega heiðarleg lygi og ef maður vill ekki láta ljúga þannig að sér gæti maður sagt að þessi kvikmynd bæri með sér en útsmognari markaðssetningartækni en við eigum að venjast úr Hollywoodmyndum. Raunveruleikinn er hvort eð er miklu áhugaverðari en nokkur bíómynd, ekki síst vegna þess að það er oft ekki svo auðvelt að greina milli þess sem er raunverulegt og óraunverulegt í honum.¹⁹

¹⁸ Sigríður Þorgeirsdóttir 1999:267

¹⁹ Sigríður Þorgeirsdóttir 1999:267

Ítarefni

Efnisleg athugasemd

Viðfangsefni hennar eru hin stærsta spurning mannsins : „Hvers vegna er svona margt úr lagi gengið í veröldinni og í lífi mannsins?“ niðurstaða sögunnar er : „Vegna þess að maðurinn óhlýðnast Guði?“

Sagan af syndafallinu er grundvallartexti þótt hún kunni að virka framandi. Hún segir frá því hvernig hinu opna og tryggja sambandi Guðs og manns var spillt. Helstu drættirnir í sögunni eru þessir. Sagan hefst á frásögninni um Paradís, með áherslu á umhyggju Guðs fyrir manninum. Þessum þætti lýkur með öðrum kafla og endar á setningu sem gefur til kynna einingu karlsins og konunnar. Þriðji kaflinn hefst síðan á sögunni um höggorminn sem smýgur inn í þennan reit alsælunnar og tekst með lævísu hætti að sá tortryggni og sundrunu. „Er það satt...?“ Það er afar lýsandi að nota snákinn sem tákni freistingarinnar og hins illa. Hann fer hljóðlega og kemur að óvörum. Orðtakið „slægur eins og höggormur“ er fengið héðan.

Aðferð snáksins er einnig lúmsk. Hann sáir tortryggni með því að draga í efa að það sé satt sem Guð hefur sagt. Síðan staðhæfir hann að mennirnir yrðu betur settir, yrðu Guði líkir, ef þeir gengju yfir þau mörk sem Guð setti þeim sem neyttu hins forboðna ávaxtar. Og augum mannanna hefur verið beint að hinu forboðna og það verður girnilegt í augum þeirra. Eftir að hafa neytt ávaxtarins af skilningstrénu, lukust upp augu þeirra og þau uppgvötuðu nekt sína. Ekkert bendir til að hér sé verið að tala um vaknandi vitund mannsins sem kynveru. Nektin er tákni sakleysis. Að uppgvöta nekt sína (hér) er að geta ekki lengur staðið óhulinn frammi fyrir öðrum, þurfa að fara í felur bæði fyrir Guði og mönnum. Það kemur síðan í ljóst fram í framhaldinu, er Adam og Eva fara í felur þegar þau heyra Guð nálgast.

Eftir að þau hafa verið afhjúpuð reyna þau að koma sökinni af sér og kenna öðrum um (hver kannast ekki við það?), og að lokum er Guði kennt um allt saman („konan sem þú gafst mér“). Afleiðing óhlýðninnar er brottvísun úr garðinum, líf erfiðis og þjáningar. Eigi að síður sýnir Guð umhyggju sína og gerir manninum og konu hans skinnkyrtla áður en þau yfirgefa garðinn.

Þessi saga felur í sér fjölda mynda sem tala skýrara máli inn í aðstæður mannglegrar veru en nokkur vitsmunaleg greining.²⁰

²⁰ Iðunn Steinsdóttir, Sigurður Pálsson 2000 : 19-20

Eden

Á þeim degi er Drottinn Guð gerði himin og jörð var enginn runni merkurinnar til á jörðinni og engar jurtir spruttu því að Drottinn Guð hafði ekki enn látið rigna á jörðina. Og þar var enginn maður til þess að yrkja landið. En móðu lagði upp af jörðinni sem vökvaði allt landið.

Þá mótaði Drottinn Guð manninn

Hebreska „adam“, orðaleikur við „adamah“, jörð, akurlendi.

af moldu jarðar og blés lífsanda í nasir hans. Þannig varð maðurinn lifandi vera.

Þá plantaði Drottinn Guð aldingarð í Eden, í austri, og setti þar manninn sem hann hafði mótað. Og Drottinn Guð lét spretta af jörðinni alls konar tré, girnileg á að líta og góð af að eta, ásamt lífsins tré í miðjum garðinum og skilningstré góðs og ills.

Fljót rennur frá Eden og vökvar garðinn. Þaðan kvíslast það og verður að fjórum stórám. Hin fyrsta heitir Píson. Hún fellur um allt landið Havíla þar sem gullið fæst. Gull þess lands er hreint. Þar er bedólat og ónyxsteinn. Önnur stóráin heitir Gíhon. Hún fellur um allt Kúsland. Þriðja stóráin heitir Tígris. Hún fellur fyrir austan Assýríu. Fjórða stóráin er Efrat.

Þá tók Drottinn Guð manninn og setti hann í aldingarðinn Eden til að yrkja hann og gæta hans.

Drottinn Guð bauð manninum og sagði: „Af öllum trjám í aldingarðinum máttu eta að vild. En af skilningstré góðs og ills máttu ekki eta. Jafnskjótt og þú etur af því muntu deyja.“

Og Drottinn Guð sagði: „Eigi er það gott að maðurinn sé einn. Ég vil gera honum meðhjálp við hans hæfi.“

Drottinn Guð mótaði nú öll dýr merkurinnar og alla fugla himinsins af moldu og lét þau koma fram fyrir manninn til þess að sjá hvað hann nefndi þau. Og hvert það heiti, sem maðurinn gæfi hinum lifandi skepnum, skyldu þær bera. Og maðurinn gaf öllu búfénu nafn ásamt fuglum loftsins og dýrum merkurinnar. En hann fann manninum enga meðhjálp við hæfi.

Þá lét Drottinn Guð djúpan svefn falla á manninn. Og er hann var sofnaður tók hann eitt af rifjum hans og setti hold í þess stað. Og Drottinn Guð myndaði konu af rifinu sem hann hafði tekið úr manninum og leiddi hana til mannsins.

Þá sagði maðurinn:

Loks er hér bein af mínum beinum
og hold af mínu holdi.

Hún skal kvenmaður Kvenmaður, á hebresku „ishah“. Karlmaður, á hebresku „ish“.kallast

af því að hún er af karlmanni tekin.

Af þessum sökum yfirgefur maður föður sinn og móður sína og býr með eiginkonu sinni, og þau verða eitt. Orðrétt: eitt hold.

Þau voru bæði nakin, karlinn og kona hans, en blygðuðust sín ekki.

1.Mósesbók 2:5-25

Óhlýðni mannsins

Höggormurinn var slóttugri en öll dýr merkurinnar sem Drottinn Guð hafði gert. Hann sagði við konuna: „Er það satt að Guð hafi sagt: Þið megið ekki eta af neinu tré í aldingarðinum?“ Konan svaraði höggorminum: „Við megum eta af ávöxtum trjáanna í aldingarðinum³ en um ávöxt trésins, sem stendur í miðjum aldingarðinum, sagði Guð: Af honum megið þið ekki eta og ekki snerta hann, ella munuð þið deyja.“ Þá sagði höggormurinn við konuna: „Sannið til, þið munuð ekki deyja. En Guð veit að um leið og þið etið af honum ljúkast augu ykkar upp og þið verðið eins og Guð og skynjið gott og illt.“

Þá sá konan að tréð var gott af að eta, fagurt á að líta og girnilegt til fróðleiks. Hún tók af ávexti þess og át og gaf einnig manni sínum, sem með henni var, og hann át. ⁷Þá lukust upp augu þeirra beggja og þeim varð ljóst að þau voru nakin. Þau saumuðu því saman fíkjuviðarblöð og gerðu sér mittisskylur.

Þá heyrðu þau til Drottins Guðs sem gekk um í aldingarðinum í kvöldsvalanum og maðurinn og kona hans földu sig fyrir augliti Drottins milli trjáanna í aldingarðinum. Drottinn Guð kallaði á manninn og sagði við hann: „Hvar ertu?“ Og hann svaraði: „Ég heyrði til þín í aldingarðinum og varð hræddur því að ég er nakinn, og ég faldi mig.“ Hann sagði: „Hver sagði þér að þú værir nakinn? Hefur þú etið af trénu sem ég bannaði þér að eta af?“ Maðurinn mælti: „Konan sem þú hefur sett mér við hlið, hún gaf mér af trénu og ég át.“ Þá sagði Drottinn Guð við konuna: „Hvað hefurðu gert?“ Konan svaraði: „Höggormurinn tældi mig og ég át.“

Þá sagði Drottinn Guð við höggorminn:

Af því að þú gerðir þetta
skaltu vera bölváður
meðal alls fénaðarins
og meðal allra dýra merkurinnar.

Á kviði þínum skaltu skríða

og mold eta

alla þína ævidaga.

Ég set fjandskap

milli þín og konunnar

og milli þinna niðja og hennar niðja.

Þeir skulu merja höfuð þitt

og þú skalt höggva þá í hælinn.

Við konuna sagði hann:

Mikla mun ég gera þjáningu þína

er þú verður barnshafandi.

Með þraut skaltu börn fæða,

samt skaltu hafa löngun til manns þíns

en hann skal drottna yfir þér.

Við Adam sagði hann:

Vegna þess að þú hlýddir röddu konu þinnar

og ást af trúnu sem ég bannaði þér að eta af,

þá sé akurlendið bölvað þín vegna.

Með erfiði skaltu hafa viðurværi af því

alla þína ævidaga.

Þyrna og þistla skal landið gefa af sér

og þú skalt lifa á grösom merkurinnar.

Í sveita þíns andlitis skaltu brauðs þíns neyta

þar til þú hverfur aftur til jarðarinnar

því af henni ertu tekinn.

Því að mold ert þú

og til moldar skaltu aftur hverfa.

Adam nefndi konu sína Evu Eva merkir líf.því að hún varð móðir allra sem lifa. Og Drottinn

Guð gerði skinnkyrtla handa Adam og konu hans og lét þau klæðast þeim.

Og Drottinn Guð sagði: „Nú er maðurinn orðinn sem einn af oss fyrst hann ber skyn á gott og illt. Bara að hann rétti nú ekki út hönd sína, taki einnig af lífsins tré og eti og lifi eilíflega.“

Og Drottinn Guð lét manninn fara úr aldingarðinum Eden til þess að yrkja jörðina sem hann var tekinn af. Og hann rak manninn burt og setti kerúbana fyrir austan Eden og loga hins

sveipanda sverðs til þess að gæta vegarins að lífsins tré.

1.Mósesbók 3:1-23

Tími – um það bil þrjár kennslustundir

Sögur af Jesú

Þættir eins og Simpsons, South Park og Futurama hafa verið vinsælir hjá unglingum og er því tilvalið að nota þá þætti til að tengja við trúarstef. Margir hverjir þættirnir eru uppfyllir af trúarstefjum og er markmiðið með að sýna þeim þættina að opna augu þeirra á að trúarstef leynast allstaðar, líka í unglingaþáttum. Í þessum hluta áfangans verður fjallað um hvernig saga Jesú kemur fram í kvikmyndum og þáttum. Horft er á kvikmyndina Jesu Christ Superstar og South Park þáttinn Margaritaville

Markmið - Að nemandinn

- ✦ Kynnist því hvernig listamenn hafa túlkað píslir og dauða Jesú í myndlist, tónlist og bókmenntum og fáir
- ✦ Noti fyrri þekkingu sína á Biblíunni til að átta sig á muninum á sögum hennar og hvernig listamenn kjósa að túlka hana

Kennsluaðferð: Áhorf, upprifjun, leikir, spurnar og umræðuaðferðir og hópvinna

5.-6.kennslustund

Kennslulýsing

•Kveikja : Leikur um síðustu daga ævi Krists. Nemendur sitja í hring ásamt kennara, kennarinn heldur á bolta (eða hlut sem hægt er að henda á milli) og segir eitthvað sem gerðist á síðustu dögum Krists, eftir það hendir hann boltanum til einhvers annars í hringnum sem á

svo að koma með annað atriði, boltinn gengur svo koll af kolli þar til kennarinn telur að mikilvægustu atriðin séu nokkurn veginn upptalin. Mikilvægt að kennarinn sé meðvitaður um að ekki allir nemendur eru með söguna á hreinu og gæti hann þurft að hjálpa til hjá sumum.

- Farið er yfir sögur Biblíunnar tengdar síðustu dögum Jesú Krists og opnar umræður myndaðar eftir það.

- Horft er á myndina Jesus Christ Superstar. Eftir að hafa horft á kvikmyndina er gott að mynda umræður þar sem kennarinn reynir að beina umræðunum í samanburð á myndinni og Biblíunni

Jesus Christ Superstar

Þessi mynd er frábrugðin öðrum myndum sem sýndar verða í þessum áfanga að því leyti að trúarstefin eru ekki dulin heldur er verið að endursegja seinustu daga Jesú Krists á mjög frumlegan hátt.

Myndin var gefin út árið 1973 og var gerð eftir vinsælum söngleik. Söngleikurinn er eftir þá Tim Rice og Andrew Lloyd Webber og leikstýð af Normans Jewison.

Það hefur verið sagt að með myndinni hafi verið gerð kaflaskil í Jesúmyndum. Myndin var mjög umdeild og komu fram hörð viðbrögð við þeim mjög mannlega Jesú sem þar er í aðalhlutverki. Það sem kennarinn þarf að átta sig á er að í þessari mynd hefur mennskan yfirhönd á kostnað guðdómsins. Jesú, sem leikinn er af Ted Neely, finnur til og efast um köllun sína. Hann hikar ekki við að láta í ljós sterkar tilfinningar, þar á meðal örvæntingu, andspænis dauða sínum. Þjáning í Getsemane og á krossinum er raunveruleg og engin tilraun gerð til að draga úr alvöru hennar, eins og gert hafði verið í fyrri myndum. Myndin sker sig einnig úr með því að sýna ekki upprisu í hefðbundnum skilningi, engin tóm gröf kemur fyrir og hinn krossfesti birtist ekki heldur vinum sínum eftir krossfestinguna.²¹

Kennarinn þarf að sjá hvað er líkt með þessari mynd og hinni raunverulegu píslarsögu Jesú Krists.

Í myndinni eru fjölmörg atriði sem hægt er að fjalla um og ræða bæði trúarleg og siðferðileg. Einnig er hægt að fjalla um kynþáttarfordóma í sambandi við þessa mynd. Lykilpersónur

²¹ Arnfríður Guðmundsdóttir 2001:41-42

myndarinnar um Jesus Christ Superstar eru þrjár: Jesú, Júdas og María Magdalena. Eins og í fyrri myndum er útlit Jesú mjög vestrænt, hann er með skærblá augu, skolleitt hár og ljóst hörund. Hins vegar er Júdas, sem Carl Anderson leikur, svartur og María Magdalena er leikin af Yvonne Elliman, sem kemur frá Hawaii. Leikaravalið var á sínum tíma harðlega gagnrýnt og þótti bera vitni um kynþáttafordóma. Því hefur var svarað með því að benda á að persóna Júdasar komi mun sterkar fram í túlkun Andersonar heldur en persóna Jesú, sem mörgum þykir veikt túlkaðar af Ted Neely. Þess vegna styðji myndin ekki neikvæða fordóma í garð svarta, nema síður sé.²²

Eins sjá má þá er hægt að vekja upp áhugaverðar og skemmtilegar umræður um þessa mynd. Það sem hægt er að fjalla um hvað er líkt og ólíkt með myndinni og hinn raunverulegu sögu. Er þessi mynd að einhverju leyti Guðlast? Og tengjast kynþáttafordómar þessari mynd?

Ítarefni

Jesú tekinn höndum

Þegar Jesús hafði þetta mælt fór hann út með lærisveinum sínum og yfir um lækinn Kedron. Þar var grasgarður sem Jesús gekk inn í og lærisveinar hans. Júdas, sem sveik hann, þekkti líka þennan stað því Jesús og lærisveinar hans höfðu oft komið þar saman. Júdas tók með sér flokk hermanna og verði frá æðstu prestum og faríseum. Þeir koma þar með blysum, lömpum og vopnum. Jesús vissi allt sem yfir hann mundi koma, gekk fram og sagði við þá: „Að hverjum leitið þið?“

Þeir svöruðu honum: „Að Jesú frá Nasaret.“

Hann segir við þá: „Ég er hann.“

En Júdas, sem sveik hann, stóð líka hjá þeim. Þegar Jesús sagði við þá: „Ég er hann,“ hopuðu þeir á hæl og féllu til jarðar. Þá spurði hann þá aftur: „Að hverjum leitið þið?“

Þeir svöruðu: „Að Jesú frá Nasaret.“

Jesús mælti: „Ég sagði ykkur að ég væri hann. Ef þið leitið mín þá lofið þessum að fara.“

Þannig rættist orð hans er hann hafði mælt: „Engum glataði ég af þeim sem þú gafst mér.“

Símon Pétur hafði sverð, brá því og hjó til þjóns æðsta prestsins og sneið af honum hægra

²² Arnfríður Guðmundsdóttir 2001:42-43

eyrað. Þjónninn hét Malkus. Þá sagði Jesús við Pétur: „Slíðra þú sverð þitt. Á ég ekki að drekka kaleikinn sem faðirinn hefur fengið mér?“

Jesús yfirheyrður

Hermennirnir, foringinn og varðmenn Gyðinga

Þ.e. þjónar æðsta ráðsins.

tóku nú Jesú höndum, bundu hann og færðu hann fyrst til Annasar. Hann var tengdafaðir Kaífasar sem var æðsti prestur það ár. En Kaífas var sá sem hafði gefið Gyðingum það ráð að betra væri að einn maður dæi fyrir lýðinn.

Símon Pétur fylgdi Jesú og annar lærisveinn. Sá lærisveinn var kunnugur æðsta prestinum og fór með Jesú inn í hallargarð æðsta prestsins. En Pétur stóð utan dyra. Hinn lærisveinninn, sem var kunnugur æðsta prestinum, kom út aftur, talaði við þernuna, sem gætti dyra, og fór inn með Pétur. Þernan við dyrnar sagði þá við Pétur: „Ert þú ekki líka einn af lærisveinum þessa manns?“ Hann sagði: „Ekki er ég það.“

Þjónarnir og varðmennirnir höfðu kveikt kolaeld því kalt var og stóðu við hann og vermdu sig. Pétur stóð hjá þeim og ornaði sér.

Nú spurði æðsti presturinn Jesú um lærisveina hans og kenningu hans.

Jesús svaraði honum: „Ég hef talað í áheyrn allra. Ég hef ætíð kennt í samkundunni og í helgidóminum þar sem allir Gyðingar safnast saman en í leynum hef ég ekkert talað. Hví spyr þú mig? Spyrðu þá sem heyrta hafa hvað ég hef við þá talað. Þeir vita hvað ég hef sagt.“

Þegar Jesús sagði þetta rak einn varðmaður, sem þar stóð, honum löðrung og sagði: „Svarar þú æðsta prestinum svona?“

Jesús svaraði honum: „Hafi ég illa mælt þá sanna þú að svo hafi verið en hafi ég rétt að mæla, hví slær þú mig?“ Þá sendi Annas hann bundinn til Kaífasar æðsta prests.

En Símon Pétur stóð og vermdi sig. Hann var þá spurður: „Ert þú ekki líka einn af lærisveinum hans?“ Hann neitaði því og sagði: „Ekki er ég það.“

Þá sagði einn af þjónum æðsta prestsins, frændi þess sem Pétur sneið af eyrað: „Sá ég þig ekki í grasgarðinum með honum?“

Aftur neitaði Pétur og um leið gól hani

Fyrir Pílatusi

Menn æðsta prestsins fóru nú með Jesú frá Kaífasi til hallar landshöfðingjans. Það var snemma morguns. Þeir fóru ekki sjálfir inn í höllina svo að þeir saurguðust ekki heldur mættu

neyta páskamáltíðar. ²⁹Pílatus kom út til þeirra og sagði: „Hvaða ákæru berið þið fram gegn þessum manni?“

Þeir svöruðu: „Ef þetta væri ekki illvirki hefðum við ekki selt hann þér í hendur.“

Pílatus segir við þá: „Takið þið hann og dæmið hann eftir ykkar lögum.“

Þeir

Orðrétt: Gyðingar. svöruðu: „Okkur leyfist ekki að taka neinn af lífi.“ ³²Þannig rættist orð Jesú þegar hann gaf til kynna með hvaða hætti hann ætti að deyja.

Pílatus gekk þá aftur inn í höllina, kallaði Jesú fyrir sig og sagði við hann: „Ert þú konungur Gyðinga?“ Jesús svaraði: „Eru þetta þín orð eða hafa aðrir sagt þér frá mér?“

Pílatus svaraði: „Er ég þá Gyðingur? Þjóð þín og æðstu prestarnir hafa selt þig mér í hendur. Hvað hefur þú gert?“

Jesús svaraði: „Mitt ríki er ekki af þessum heimi. Væri mitt ríki af þessum heimi hefðu þjónar mínir barist svo ég yrði ekki framseldur Gyðingum. En nú er ríki mitt ekki þaðan.“

Þá segir Pílatus við hann: „Þú ert þá konungur?“

Jesús svaraði: „Rétt segir þú. Ég er konungur. Eða: „Þú segir að ég sé konungur.“ Til þess er ég fæddur og til þess er ég kominn í heiminn að ég beri sannleikanum vitni. Hver sem er sannleikans megin heyrir mína rödd.“

Pílatus segir við hann: „Hvað er sannleikur?“

Jesús dæmdur til dauða

Að svo mæltu gekk hann aftur út til Gyðinga og sagði við þá: „Ég finn enga sök hjá honum. Þið eruð vanir því að ég gefi ykkur einn mann lausan á páskunum. Viljið þið nú að ég gefi ykkur lausan konung Gyðinga?“

Þeir hrópuðu á móti: „Ekki hann heldur Barabbas.“ En Barabbas var ræningi.

Jóhannesarguðspjall 18:1-40

7.kennslustund

Kennslulýsing

- Horft er á þáttinn South Park, Margaritaville, í þættinum er Kyle gerður að Jesú.

Þátturinn er skemmtileg viðbót við myndina Jesus Christ Superstar en myndin og þátturinn

vitna talsvert í sömu trúarstefin. Eftir að nemendur eru búnir að horfa bæði á myndina og þáttinn eiga þeir að svara spurningarblaði(sjá fylgiskjal nr.5).

Stutt um þættina.

South Park er bandarískur teiknimynda- gamanþáttur. Þættirnir fjalla um fjóra stráka þá Stan, Kyle, Cartman og Kenny, sem eru í 3.-4. bekk í litlum bæ í Colorado-fylki í Bandaríkjunum, sem kallast South Park. Þáttaseríurnar voru skapaðir af Trey Parker og Matt Stone og hafa síðan 1997 verið sýndir á Comedy Central.

Greining á trúarstefjum

Þátturinn sem horft verður á er þáttur 3 í 13. seríu. Hann tekur fyrir efnahagsvandamálin og fjallar um það með trúarlegu ívafi. Þátturinn byrjar á því þegar Stan ætlar að leggja 100 dollara inn á bankareikning en um leið og hann hefur gert það er hann búinn að tapa peningunum. Út frá því skapast umræður í South Park um það hverjum það sé að kenna að enginn eigi neinn pening . Sumir kenna ríkisstjórninni aðrir kenna mönnunum á Wall-street en Cartman kennir gyðingunum um. Randy pabbi hans Stan byrjar að predika yfir fólkinu að hætta að eyða peningum. Í staðinn fyrir að ganga í fötum á fólk að ganga í lökum og í staðinn fyrir að keyra bíl á fólk að ferðast á lamadýrum og ösnum. Þegar fólkið byrjar að gera það minnir South Park óneitanlega á þann tíma þegar Jesú var uppi. Kyle sem er gyðingur finnst þessi hegðun og hugsunarháttur vera svo vitlaus og byrjar að predika um að fólk eigi í raun og veru að fara að eyða meira og minnir hann óneitanlega á Jesú með hegðun sinni. Þegar Randy fréttir þetta segir hann svo skemmtilega „What harm can one jew do against our economy recovery movement“.

Eftir þetta koma mörg trúarstef fyrir.

12:20: Vísar í Jóhannesarguðspjall 8:7 þegar Jesú sagði: „Sá sem syndlaus er kasti fyrsta steininum“ en í þættinum hefur maður verið uppvís að því að kaupa óþarfan hlut og er verið að grýta hann með íkornum og þá kemur Kyle og segir sá sem ekki hefur keypt óþarfan hlut kasti fyrsta íkornanum.

17:02: Vísar í síðustu kvöldmáltíðina. Þar segir Kyle hafa það á tilfinningunni að einhver af þeim sem hann er að borða með muni svíkja hann. Stuttu áður hefur Cartman boðist til að

fangu Kyle og koma honum í hendurnar á þeim sem vilja hann feigan og má augljóslega sjá að Cartman sé Júdas.

19:30: Fórnar Kyle sér fyrir almúgann. En í staðinn fyrir að hann sé að borga fyrir syndir fólksins borgar hann skuldir fólksins með platínukorti. Einn maður spyr afhverju hann sé að gera þetta? Þá er honum svarað svo við getum lifað skuldlaust. Í staðinn fyrir að vera á krossinum situr hann við borð með posa og borgar skuldir fólksins. Hann deyr hins vegar ekki en það líður yfir hann og er hann borinn heim til sín í krossfestingarstillingunni.

Eins og sjá má er þátturinn uppfullur af trúarstefjum og eru þau svipuð og í Jesus Christ Superstar. Bæði þátturinn og myndin taka fyrir seinustu daga Jesú og passa því vel saman. Þessi þáttur ætti að sýna nemendum að hægt er að fjalla um trúna á ýmsan hátt og tengja hana við nánast hvað sem er. Hægt er að skapa umræður um hvaða trúarstef koma bæði fyrir í myndinni og þættinum og náttúrulega hvaða trúarstef það eru. Einnig er hægt að ræða um hvort þetta sé guðlast að fjalla um trúna á þennan hátt.(sjá fylgiskjal nr.5)

Ítarefni

Sakfelld sýknuð

En Jesús fór til Olúfjallsins. Snemma morguns kom hann aftur í helgidóminn og allt fólkið kom til hans en hann settist og tók að kenna því. Farísear og fræðimenn koma með konu, staðna að hórdómi, létu hana standa mitt á meðal þeirra og sögðu við Jesús: „Meistari, kona þessi var staðin að verki þar sem hún var að drýgja hór. Móse bauð okkur í lögmálinu að grýta slíkar konur. Hvað segir þú nú?“ Þetta sögðu þeir til að reyna hann svo þeir hefðu eitthvað að ákæra hann fyrir. En Jesús laut niður og skrifaði með fingrinum á jörðina.

Og þegar þeir héldu áfram að spyrja hann rétti hann sig upp og sagði við þá: „Sá ykkar sem syndlaus er kasti fyrstur steini á hana.“ Og aftur laut hann niður og skrifaði á jörðina. Þegar þeir heyrðu þetta fóru þeir burt, einn af öðrum, öldungarnir fyrstir. Jesús var einn eftir og konan stóð í sömu sporum.

Hann rétti sig upp og sagði við hana: „Kona, hvað varð af þeim? Sakfelldi enginn þig?“

En hún sagði: „Enginn, Drottinn.“

Jesús mælti: „Ég sakfelli þig ekki heldur. Far þú. Syndga ekki framar.“

Jóhannesarguðspjall 8:1-11

Tími – Um það bil ein kennslustund

Syndaflóðið

Í þessum hluta áfangans verður syndaflóðið tekið fyrir. Umfjöllun um Syndaflóðið ætti að henta vel eftir að hafa fjallað um Syndafallið því það er einnig saga úr Biblíunni sem flestir nemendur ættu að þekkja. Teknir verða fyrir tveir þættir úr Futurama í þessum hluta og trúarstefin greind úr þeim.

Markmið - Að nemandinn

- ✦ Auki og dýpki skilning sinn á Biblíunni með því að vinna með sögur úr henni
- ✦ Noti þekkingu sína á sögum Biblíunnar til að sköpunar á eigin verki

Kennsluaðferð: Áhorf, hópvinnubrögð, listsköpun

8. kennslustund

Kennslulýsing

- Kveikja : Hvað getið þið sagt um Nóa og örkina hans? Kennarinn leiðir umræðuna sem skapast í kjölfar þess í umræðuna um syndarflóðið, ástæðu þess og afleiðingar.
- Horft er á tvo þætti í myndaflokknum Futurama. Í báðum þáttunum er fjallað um syndarflóðið.
- Nemendum er skipt í hópa og hver hópur útbýr stutta teiknimyndasögu sem þarf að innihalda stef út Biblíunni. Kennarinn getur einnig látið þetta vera einstaklingsverkefni. (sjá fylgiskjal nr.6).

Um þættina

Futurama eru eftir Matt Groenings sem er sami höfundur og gerði Simpson þættina. Þættirnir greina frá Fry sem er pizzusendill. Á gamlárskvöldi árið 1999 hrasar hann inn í frystiklefa. Þegar hann vaknar upp, 1000 árum síðar, hittir hann eineygðu geimveruna Leelu og vélmennið Bender. Saman lenda þau í heilmiklum ævintýrum í starfi sínu fyrir flutningsfyrirtækið Planet Express.²³ Þættirnir gerast í framtíðinni eða nánar tiltekið í upphafi 31. aldarinnar. Sögusviðið er jörðin og himingeimurinn.

Þættirnir sem teknir verða fyrir eru annarsvegar þátturinn Love's Labours Lost in Space sem er í fyrstu seríu, fjórði þáttur og hinsvegar Crimes of the Hot sem er í fjórðu seríu, sjöundi þáttur. Þessir þættir eiga það sameiginlegt að þeir vitna báðir í syndaflóðið. Kennarinn þarf því að fara yfir söguna um syndaflóðið áður en hann sýnir þættina má þó teljast líklegt að nemendur þekki þá sögu ágætlega.

²³ Árni Svanur Daníelsson 2008 a

Futurama 4:7 Crimes of the Hot

Þátturinn fjallar um hlýnun jarðar sem er vandamál sem ýmsir telja núna á síðari árum ekki aðeins orðið aðkallandi heldur eitt alvarlegasta umhverfisvandamál sem mannkynið hefur þurft að glíma við. Í þeirri fjarlægju framtíð sem þátturinn á að gerast hefur hlýnuninni verið haldið í skefjum um árábil með því að sækja stærðar ísklumpa út í himingeiminn og setja þá í úthöfin til kælingar. Nú ber hins vegar svo við að engan ís er lengur að fá og því eykst hitinn jafnt og þétt.

Á 5. mínútu þáttarins er vísað til bráðnunar heimskautaíssins sem hefur leitt til „flóða á biblíulegum skala“ og er um leið sýnd örská á siglingu sem er full af dýrum (tvennt af hverri tegund). Þar eiga eftirfarandi orðaskipti sér stað sem augljóslega sækja innblástur í flóðsögu Fyrstu Mósebókar þótt með harla sköndnum og ekki síður kaldhæðnum hætti sé:

A: They called me crazy for building this ark.

B: You are crazy. You've filled with same-sex animal couples.

A: Hey! There are parts of the Bible I like and parts I don't like.²⁴

Eins og sjá má eru tilvísanirnar augljósar og ættu nemendur ekki að vera í miklum vandræðum með að átta sig á trúarstefjunum

.

Futurama 1:4 Love's Labours Lost in Space

Í þættinum eru Fry og félagar send til að bjarga dýrum af plánetunni Vergon 6 sem er við það að falla saman. Leela líkir þessari aðgerð við Örkina hans Nóa og gefur í skyn að þau þurfi að bjarga tveimur af hverri tegund. Þegar einn úr hópnum spyr hvers vegna dýrin þurfi að vera tvö er svarið að það sé til að þau geti fjölgað sér.²⁵

Hér eru tilvísanirnar augljósar einnig.

Eftir áhorfið er tilvalið að skapa stuttar umræður um trúarstefin og hvað var líkt og ólíkt með Syndaflóðinu og þáttunum. Í lokin eru nemendum skipt í hópa og þurfa þeir að búa til teiknimyndasögu með Syndaflóðið í huga.

²⁴ Árni Svanur Daníelsson 2008 b

²⁵ Árni Svanur Daníelsson 2008 a

Ítarefni

Efnisleg athugasemd

Við uppgröft fornleifafræðinga á nokkrum borgum í Mesópótamíu, komu í ljós þykk leirlög sem bentu til mikilla flóða á þessu svæði. Undir leirlögunum fundust minjar um menningu sem var gjörólík þeirri sem risið hafði eftir að flóðinu linnti. Frásaga Biblíunnar hefur þó sérstöðu vegna túlkunnar sinnar og skýringa á flóðinu. Hér er enn lögð áhersla á Guð sem skapara og þann sem mennirnir verða að lúta. Maðurinn er ábyrgur gerða sinna frammi fyrir Guði. Óhlýðnin hefur afleiðingar í för með sér.

Sagan tekur á sígildri spurningu sem vaknar þegar illska mannanna hvers gagnvart öðrum og eyðilegging þeira á umhverfi sínu keyrir um þverbak: hefði heimurinn ekki verið betur settur án mannsins? Það er aðeins í sögunni af Nóa sem Biblían segir um Guð að hann hafi iðrast þess að hafa skapað mennina (6.6)

Auk nær daglegra fréttu af náttúruhamförum og hungursneyð, stöndum við sem nú lifum í skugga tveggja heimstyrjalda á einni öld auk annars ófriðar manna á milli. Þar við bætist að náttúruinni og umhverfi öllu stendur ógn af athöfnum okkar. Við ættum því ef til vill að hafa betri forsendur en gengnar kynslóðir til að skilja boðskap þessarar sögu, þ.e. boðskapinn um að maðurinn þurfi að gera sér ljósa ábyrgð sína og lifa samkvæmt því. Nóa var bjargað og honum fengið hlutverk, vegna þess að hann var réttlátur. Á máli Biblíunnar vísar orðið réttlátur fyrst og fremst til réttar afstöðu gangvart Guði og mönnum.

Sáttmálinn við Nóa undirstrikar einnig helgi mannlegs lífs, vegna þess að maðurinn er skapaður í Guðs mynd (9.6). Endurgjaldslögmálinu sem hér er sett fram líf fyrir líf, var síðan hafnað af Jesú Kristi, sbr. Matt.5. 38-39. Næst á eftir sögunni af Nóa og flóðinu er skotið kafla um vatnið. Vatnið er grundvallartákn, bæði almennt og trúarlega. Það er annars vegar tákn eyðingar aflanna og hins vegar tákn lífgjafar og hreinsunar.²⁶

Nói og örkin

Þetta er saga Nóa:

Nói var réttlátur og vandaður maður á sinni tíð. Hann gekk með Guði.

²⁶ Iðunn Stefánsdóttir, Sigurður Pálsson 2000: 27

Nóa fæddust þrír synir, Sem, Kam og Jafet.

Jörðin var spillt í augum Guðs og full ranglætis. Og Guð sá að hún var spillt því að allir menn á jörðinni höfðu spillt líferni sínu.

Og Guð sagði við Nóa: „Ég hef ákveðið endalok allra manna á jörðinni því að jörðin er full orðin af ranglæti þeirra vegna. Nú eyði ég þeim ásamt jörðinni. En þú skalt gera þér örkk af góferviði. Hafðu vistarverur í örkinni og bikaðu hana utan og innan. Þannig skaltu smíða hana: Lengd arkarinnar sé þrjú hundruð álnir, breidd hennar fimmtíu álnir og hæð hennar þrjátíu álnir. Settu þekju á örkina og hafðu alin milli hennar og hliða arkarinnar. Þú skalt setja dyrnar á hlið hennar og hafa þrjú þilför, neðst, í miðju og efst. En ég læt vatnsflóð steypast yfir jörðina til að tortíma öllu holdi sem lífsanda dregur undir himninum. Allt sem á jörðinni er skal farast. En ég mun stofna til sáttmála við þig. Þú skalt ganga í örkina, þú og synir þínir, kona þín og tengdadætur þínar með þér. Láttu ganga með þér í örkina tvennt af hverju, karlkyns og kvenkyns, af öllum lífverum til þess að þær haldi lífi með þér. Til þín skulu þau ganga, af fuglunum eftir þeirra tegundum, af búfénu eftir þeirra tegundum og af skriðdýrum jarðarinnar eftir þeirra tegundum, tvennt af öllu, til þess að þau megi lífi halda. En þú skalt taka af öllu sem etið er og safna því að þér og það skal vera ykkur til viðurværis.“

Og Nói gerði allt eins og Guð bauð honum.

1.Mósesbók 6:9-22

Nói gengur í örkina

Drottinn sagði við Nóa: „Gakktu inn í örkina og allt þitt fólk því að í mínum augum ert þú eini réttláti maðurinn af þessari kynslóð. Taktu til þín sjö og sjö, karldýr og kvendýr, af öllum hreinum dýrum en tvö og tvö af þeim sem ekki eru hrein, karldýr og kvendýr, og einnig sjö og sjö, karlkyns og kvenkyns, af fuglum himins til þess að viðhalda lífsstofni á allri jörðinni. Að sjö dögum liðnum mun ég láta rigna á jörðina í fjörutíu daga og fjörutíu nætur og afmá af jörðinni sérhverja lifandi veru sem ég hef skapað.“

Og Nói gerði allt eins og Drottinn bauð honum.

Nói var sex hundruð ára þegar vatnsflóðið steiptist yfir jörðina.

Nú gengu Nói, synir hans, kona hans og tengdadætur með honum inn í örkina undan vatnsflóðinu. Tvennt og tvennt, karlkyns og kvenkyns, af hreinum og óhreinum dýrum, fuglum og öllum skriðdýrum jarðar gekk í örkina til Nóa eins og Guð hafði boðið honum. Og að liðnum sjö dögum steiptist vatnsflóðið yfir jörðina.

Vatnsflóðið skellur á

Á sautjándá degi annars mánaðar á sex hundraðasta aldursári Nóa, þann dag brutust fram allar uppsprettur hins mikla djúps og flóðgáttir himinsins opnuðust. Það rigndi á jörðina í fjörutíu daga og fjörutíu nætur. Einmitt þann dag gengu Nói, Sem, Kam og Jafet, synir Nóa, og kona Nóa ásamt þremur tengdadætrum hans í örkina, þau og öll dýr merkurinnar eftir sínum tegundum, allur búfénaður eftir sínum tegundum og öll skriðdýr jarðar eftir sínum tegundum, allir fuglar eftir sínum tegundum og allt það sem flogið gat og vængi hafði. Þau komu í örkina til Nóa tvö og tvö, öll dýr sem lífsanda drógu. Þau sem inn gengu voru karlkyns og kvenkyns af öllum dýrum eins og Guð hafði boðið Nóa.

Og Drottinn lokaði á eftir honum.

Flóðið stóð í fjörutíu daga á jörðinni og vötnin jukust og lyftu örkinni svo hún hófst hátt yfir jörðina. Vötnin mögnuðust og jukust stórum á jörðinni en örkin flaut á vatninu. Vötnin uxu enn á jörðinni og huldu öll hin háu fjöll sem eru undir himninum. Vötnin stigu enn um fimmtán álnir og huldu öll fjöll. Þá fórust öll dýr sem hreyfast á jörðinni, fuglar, búfénaður, dýr merkurinnar og allt sem jörðin er kvik af og mannkyn allt. Allt sem lífsanda dró, allt sem var á þurru landi, dó. Allt líf á jörðinni var afmáð, bæði menn og dýr, skriðdýr og fuglar himins. Þau voru máð af jörðinni. En Nói varð einn eftir og þau sem með honum voru í örkinni.

Vötnin mögnuðust á jörðinni í hundrað og fimmtíu daga.

1.Mósesbók 7:1-24

Tími – Um það bil tvær kennslustundir

Kristgervingar

Fjórða og síðasta þema áfangans er um kristgervinga. Myndin sem nemendur fá að horfa á að þessu sinni er Pay it forward. Þessi mynd er aðeins þyngri en hinar sem hafa verið sýndar á undan en nemendur ættu að vera orðnir nokkuð sleipir í að greina trúarstef á þessum tímapunkti og nú reynir á þá.

Markmið - Að nemandi

- + Noti fyrri þekkingu sína til að greina trúarstef
- + Geri sér grein fyrir því að hann er hluti af stærri heild í samfélagi þjóðanna og öðlist skilning á misskiptingu lífsgæðanna og ólíkum kjörum einstaklinga og þjóða.²⁷
- + Verði betur fær um að skilja og njóta trúarlegrar tjáningar, m.a. í tónlist, myndlist, bókmenntum og kvikmyndum.²⁸
- + Þjálfist í að vinna með hliðstæðu texta trúarrits

Kennsluaðferð: Áhorf, umræður og spurnaraðferðir

9.-10.kennslustund

Kennslulýsing

- Kveikja : upprifjun á flokkunarkerfi Deux ex cinema hópsins á trúarstefjum, mikilvægt að fara vel yfir flokkinn stef og gervingar.
- Nemendur fá verkefnablað (sjá í fylgiskjal nr1) til að hafa við höndina og punkta hjá sér um leið. Mikilvægt að kennarinn fara vel yfir verkefnablaðið með þeim og gefi þeim færi á að spyrja ef eitthvað er óljóst. Þetta auðveldar nemendum að vera meðvitaðir um að horfa eftir trúarstefjum.
- Horft er á myndina *Pay it forward*

²⁷ Aðalnámskrá grunnskóla. Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði 2007: 17

²⁸ Aðalnámskrá grunnskóla. Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði 2007: 8

- Nemendum er síðan skipt í tvo hópa og þeir svara spurningum úr myndinni. (sjá fygiskjal nr.7)

Um myndina

Myndin er byggð á vinsælli skáldsögu eftir rithöfundinn Catherine Ryan Hyde og segir frá Trevor McKinney, sem fær það verkefni í félagsfræði í skólanum að gera heiminn að betri stað. Trevor, sem er einbeittur ungur strákur, fær þá snjöllu hugmynd að láta gott af sér leiða með því að koma af stað e.k. keðjuverkandi góðverkastarfsemi.

Hér er á ferðinni mjög áhugaverð kristgervingamynd en leikstjóri hennar er Mimi Leder, sú sama og gerði *The Peacemaker* og *Deep Impact*. Það er margt gott við þessa mynd. Hún er nokkuð vel tekin og kvikmyndatakan er oft skemmtileg. Kennarinn þarf að rifja upp með nemdnum hvað kristgervingur merkir. Kennaranum er bent á að lesa kaflann um gervinga en sá kafli er í 1. tíma þessa námskeiðs.

Í myndinni eru raktar tvær sögur. Annars vegar saga Trevor McKinney (Haley Joel Osment, þeim sama og lék í *The Sixth Sense* og *A.I.*) sem fær það verkefni í skólanum að gera eitthvað sem gerir heiminn betri. Hann byrjar n.k. kærleikskeðju, en reglurnar eru eftirfarandi: 1) Þetta verður að vera eitthvað sem raunverulega hjálpar. 2) Það verður að vera eitthvað sem fólk getur ekki gert upp á eigin spýtur. 3) Sá sem fær hjálp verður að hjálpa þrem öðrum. Þannig eru góðverkin að einhverju leyti hugsuð eins og keðjubréf. Hin sagan fjallar um fréttamanninn Chris Chandler rekur kærleikskeðju Trevor aftur á bak. Hér er mjög meðvitað verið að vinna með fórn og starf Krists, en ólíkt mörgum öðrum kristgervingamyndum er áherslan ekki á fórnina heldur hjálpræðið; þ.e. kærleikskeðju Trevors. Fréttamaðurinn Chris Chandler fær síðan það hlutverk að skrásetja guðspjallið og boða heimsbyggðinni fagnaðarerindið.²⁹

Drenginn unga, Trevor, má hæglega skilja sem kristgerving. Hann er boðberi frelsunar, farvegur náðar Guðs auk þess sem ýmislegt í lífi hans minnir á ævi Jesú Krists. Þetta sést best

²⁹ Þorkell Ágúst Óttarsson 2002 b

í lokaatriði myndarinnar þar sem hann er stunginn í síðuna og lætur lífið fyrir vikið. Síðusárið er einmitt eitt af fimm sárum Krists.

Þá má skilja blaðamanninn Chris Chandler sem hliðstæðu við guðspjallamenn Nýja testamentisins. Hann er sá sem vekur athygli á Pay it Forward hreyfingunni. Hann rekur sig aftur á bak frá Los Angeles til Las Vegas allt þar til hann kemst að rótum hreyfingarinnar hjá Trevor. Hlutskipti hans er síðan að segja söguna af þessu, sem vekur auðvitað enn frekari athygli á því - rétt eins og frásagnir guðspjallamanna fjögurra gerðu með sögu Jesú Krists.³⁰

Þetta er heillandi og falleg kristgervingamynd sem sýnir það og sannar að bestu kvikmyndirnar um Krist eru ekki endilega Jesúmyndirnar heldur kristgervingamyndir. Ekki aðeins vegna þess að þær útskýra oftast starf og hjálpræði Krists betur heldur einnig vegna þess að þær veita okkur nýtt sjónarhorn á ævistarf og fagnaðarerindi frelsarans.

Boðskap *Pay it Forward* má skilja sem tilbrigði við praktíska útleggingu á því hvernig kærleikur Guðs á að streyma í gegnum mennina út í samfélagið. Hvert og eitt okkar hefur getu til að breyta heiminum og gera hann að betri stað. Og ekki aðeins höfum við getu til þess heldur ber okkur skylda til að þakka fyrir þá fórn sem Kristur færði með því að fórna okkur fyrir aðra. Það er áhugavert að þau sem fá hjálp í myndinni ítreka að þau séu þess ekki verð. Þess vegna ber okkur einmitt enn meiri skylda til að láta kærleikann ganga áfram.³¹

Þessi mynd er þægileg á að horfa og jafnvel smá væmin. Í myndinni eru kristgervingar, kærleikur, fyrirgefning og fórn helstu trúarstefin. Einnig tekur myndin mjög vel á helstu vandamálum sem einstaklingur þarf að glíma við. Hún tekur fyrir eiturfylla- og áfengissýki, heimilisofbeldi og kynferðislegri misnotkun. Flestir í myndinni eru fórnarlömb einhvers af þessu.

Myndin sýnir vel hversu skaðleg áfengissýki getur verið aðstandendum. Trevor, móðir hans og kennari þjáast öll vegna áfengissýki aðstandenda. Við þetta bætist hrottafengið heimilisofbeldi. Út frá myndinni er hægt að varpa fram mörgum spurningum og skapa umræður um þessi vandamál. Eins og t.d hvers vegna einstaklingar slíta ekki samböndum

³⁰ Þorkell Ágúst Óttarsson 2002 b

³¹ Þorkell Ágúst Óttarsson 2002 b

þegar maki þeirra beitir ofbeldi? Af hverju leiðist fólk út í eiturlyf? Hver eru afleiðingar kynferðislegrar misnotkunar? O.s.frv.

Þetta eru allt viðkvæm málefni og þarf kennarinn að fara varlega þegar hann ræðir við nemendur sína um þau og þarf jafnvel að meta það hvort umræðurnar eiga rétt á sér. Aðallega á umræðan að fjalla um trúarstefin í myndinni eins og t.d af hverju má segja að Trevor sé kristgervingur?

Í fylgiskjali 7 er að finna spurningar sem kennarinn leggur fyrir nemendurna. Spurningarnar fjalla um trúar- og siðferðisistef sem finna má í myndinni.

Ítarefni

Mt 14:22-33, Mk 6:45-52, Jh 6:15-21, Jh 19:34

Dáinn, grafinn

Jesús vissi að allt var þegar fullkomnað. Þá sagði hann til þess að ritningin rættist: „Mig þyrstir.“ Þar stóð ker fullt af ediki. Hermennirnir vættu njarðarvött í ediki, settu hann á ísópslegg og báru að munni honum. Þegar Jesús hafði fengið edikið sagði hann: „Það er fullkomnað.“ Þá hneigði hann höfuðið og gaf upp andann.

Nú var aðfangadagur og til þess að líkin væru ekki á krossunum hvíldardaginn báðu Gyðingar Pílatus að láta brjóta fótleggi þeirra og taka líkin ofan enda var mikil helgi þess hvíldardags. Hermenn komu því og brutu fótleggi þeirra sem með honum voru krossfestir, fyrst annars, svo hins. Þegar þeir komu að Jesú og sáu að hann var þegar dáinn brutu þeir ekki fótleggi hans.

En einn af hermönnunum stakk spjóti sínu í síðu hans og rann jafnskjótt út blóð og vatn. Sá er séð hefur vitnar þetta svo að þið trúið líka og vitnisburður hans er sannur. Og hann veit að hann segir satt. Þetta varð til þess að ritningin rættist: „Ekkert bein hans skal brotið.“ Og enn segir önnur ritning: „Þeir munu horfa til hans sem þeir lögðu í gegn.“

Jósef frá Arímaþeu, sem var lærisveinn Jesú en á laun af ótta við ráðamenn Gyðinga, Orðrétt: Gyðinga. Bað síðan Pílatus að mega taka ofan líkama Jesú. Pílatus leyfði það. Hann kom þá og tók ofan líkama hans. Þar kom líka Nikódemus, er fyrrum hafði komið til hans um nótt, og hafði með sér blöndu af myrru og alóe, nær hundrað pundum. Þeir tóku nú líkama Jesú og sveipuðu hann línblæjum með ilmjurtunum eins og Gyðingar búa lík til grefrunar. En á staðnum, þar sem hann var krossfestur, var grasgarður og í garðinum ný gróf sem enginn

hafði enn verið lagður í. Þar lögðu þeir Jesú því það var aðfangadagur Gyðinga og gröfin var nærri.

Jóhannesarguðspjall 19:28-42

Kynning og vinnsla á lokaverkefninu

Tími - um það bil þrjú tímar

Markmið- Að nemandi

- ✦ Noti þá þekkingu sem hann hefur aflað sér um trúarstef og Biblíuna í handrita og kvikmyndagerð.

Kennsluaðferð: Innlifunaraðferð, sjálfstæð skapandi vinnubrögð

11.kennslustund

Í þessum tíma verður lokaverkefnið kynnt. Kennarinn skiptir nemendum í hópa og verður að meta það eftir því hve margir eru í áfanganum hvernig hann skiptir í hópana. Að hafa fjóra í hverjum hóp mundi henta mjög vel, ef það er möguleiki á því. Verkefnið gengur út á það að nemendur eiga að semja handrit að einhverju verki og eiga síðan að flytja það fyrir bekkinn. Nemendur ráða því hvort þeir búi til handrit að leikriti eða stuttmynd. Mælt er með því að nemendur búi til stuttmynd því áfanginn fjallar um trúarstef í kvikmyndum en það verður að hafa það í huga að það eru kannski ekki allir sem eiga tækjabúnað eða hafa þá kunnáttu sem til þarf til að gera stuttmynd. Einu skilyrðin sem sett eru fyrir verkefnið eru sú að það verða koma fram trúarstef í verkinu. Þetta er mjög krefjandi verkefni og ætti að ganga vel ef haldið er rétt á spöðunum. Kennarinn þarf að taka það fram að allir þurfi að taka þátt í verkefninu og það sé enginn farþegi. Nemendur fá þennan tíma og tvo aðra til að ljúka við verkefnið og flytja/sýna það svo í 14. tíma. Einnig þarf kennarinn að taka það fram að nauðsynlegt sé að nemendur hittist utan skóla til að vinna verkefnið.

Ef það er starfsmaður í skólanum sem er fær á þessu sviði mætti kennarinn athuga það að fá hann til liðs með sér við vinnuna á lokaverkefninu til að fjalla um og leiðbeina við notkun myndmáls og myndatökutækni.

12.- 13.kennslustund

Vinna í lokaverkefninu

Í þessum tímum fer verkefnavinna fram. Kennarinn verður nemendum til halds og traust og aðstoðar nemendur sem eru á villigötum eða í erfiðleikum. Það er mælt með að kennarinn fari á www.biblian.is og prenti út nokkrar biblúsögur sem nemendur geta notað sem innblástur. Einnig er gott ef kennarinn bendir nemendum vefsíður og heimildir sem gagnast þeim við verkefnagerðina. Kennarinn þarf síðan að sjá hvernig verkefnið gengur og meta það hversu mikla hjálp nemendur þurfa.

14.kennslustund

Flutningur/sýning á lokaverkefni

Í þessum tíma flytja/sýna nemendur lokaverkefnið sitt. Eftir að hafa flutt/sýnt verkefnið þurfa nemendur að útskýra hvaða trúarstef komu fram í verkum sínum og hvernig þau komu fram. Kennarinn þarf að vera búinn að undirbúa stofuna þannig að það þurfi að vera nóg pláss til að flytja leikrit og hafa sjónvarp tilbúið fyrir þá sem ætla sýna stuttmynd. Jafningjamati verður dreift á þá nemendur sem eru ekki að flytja verk sín hverju sinni og meta þau hina hópana ásamt sjálfsmati.

Á meðan flutningi stendur þarf kennarinn að ítreka að það þurfi að vera þögn og það þurfi að sýna nemendum virðingu á meðan þau flytja/sýna verk sín.

Ef verkefni eru vel unnin ætti þetta að vera hin besta skemmtun og mælum við með að kennarinn verði með myndbandsupptökuvél og taki upp leikritin því ef að verkefni eru vel unnin gæti þetta verið eitthvað sem skólinn gæti viljað eiga og einnig ef áfanginn gengur vel upp og er kenndur áfram getur kennarinn sýnt nemendum sem taka áfangann í framtíðinni eitthvað verk eftir fyrri nemendur sem innblástur.

15.kennslustund

Opinn tími.

Það hefur verið ákveðið að hafa einn tíma í þessum áfanga opinn. Það er sjaldgæft að áfangi fari í gegnum heila önn án þess að tími falli niður. Þetta er gert vegna þess að ef einhver tími skyldi falla niður þá getur kennarinn notað þennan tíma til að fylla í skarðið svo ekkert stress myndist. Einnig getur kennarinn notað þennan tíma eins og honum hentar ef enginn tími skyldi falla niður og valið sjálfur efni sem honum langar að sýna.

Mörgum gæti fundist þetta „ódyrt“ bragð að hafa svona auðan tíma en reynslan hefur sýnt það að svona tími er nauðsynlegur og þá sérstaklega í svona valáfanga sem kennslustundirnar eru fáar og tíminn knappur. Einnig gæti þessi tími nýst nemendum í vinnu á lokaverkefninu.

16.kennslustund

Námskeiðinu lokað

Lokatími námskeiðsins verður á léttu nótonum. Nemendur fá að koma með veitingar að eigin vali og rætt verður um námskeiðið. Umræða verður um hvað þeim fannst skemmtilegast og hvað þeim fannst leiðinlegast. Hvað þeim fannst heppnast vel og hvað þeim fannst betur mátt fara. Kennarinn þarf síðan að punkta hjá sér ábendingarnar og útfæra námskeiðið á næsta ári út frá þeim. Áður en þessi tími fer fram mega nemendur koma með tillögur af þáttum sem horft verður á eins og t.d. Simpson þátt og er ekki skylda að það séu trúarstef í honum. Því ef það er ekki trúarstef þá getur kennarinn spurt í lok þáttarins nemendurna að því t.d. hvernig hægt væri að setja trúarstef inn í þáttinn, var eitthvað í þættinum eins og t.d kross eða kirkja sem má tengja við trúna o.s.frv.

Eins og áður hefur komið fram verður þessi tími á léttu nótonum og fær kennarinn frjálssar hendur. Í lokin lætur kennarinn síðan nemendur sína fá námsmat sem kennarinn verður búinn að útbúa en þar mun koma fram hversu virkur nemandinn hefur verið í námskeiðinu.

Lokaorð

Eins og áður hefur komið fram er áfanginn *Trúarstef í kvikmyndum* tilraunaáfangi og er ekki vitað um áfanga á borð við þennan hafi verði kenndur á unglíngastigi í grunnskólum landsins. Þessi áfangi mun þó aldrei ganga upp nema kennarinn sé virkur og áhugasamur um efnið.

Hann þarf að vera frumlegur og vera fljótur að bregðast við nýjum aðstæðum. Þó að hér í handbókinni sé búið að skipuleggja hvern tíma fyrir sig og segja frá helstu trúarstefjum sem birtast í hverju efni fyrir sig þarf kennarinn að lesa sig til um efnið og vera vel undirbúin. Það efni sem er nefnt hérna í handbókinni gæti í sjálfu sér nægt til að kenna þennan áfanga en ekkert meira en það. Til þess að ná sem mestu úr þessum áfanga þarf kennarinn að vera vel undirbúinn og nota heimasíðurnar www.biblian.is og www.dec.is óspart til að ná sem bestum árangri í sinni kennslu.

Þetta er fyrsti áfanginn sem höfundar þessa námskeiðs hanna og eflaust er hann ekki fullkominn og því þarft þú kennari góður að finna út hvað þér finnst ekki henta og bæta inn í hlutum sem þér finnst vanta. Enginn getur kennt áfanga nákvæmlega eftir leiðbeiningum því oft koma upp aðstæður sem bregðast þarf við á mismunandi hátt. Ef kennarinn mundi kenna þennan áfanga nákvæmlega eins og hann er lagður upp er hættu á að áfanginn verði daufur og stífur og kennarinn virki eins og vélmenni. Kennarinn þarf því að vera lifandi og taka upp umræður og efni sem koma fyrir hverju sinni til að fá sem mesta tilfinningu og ástríðu í áfangann.

Við vonum að þú kennari góður sjáir til þess að þessi áfangi verði sem skemmtilegastur og áhugaverðastur fyrir nemandann sem skráir sig í hann og óskum þér góðs gengis.

Allar ábendingar eru vel þegnar um námskeiðið og er kennurum bent á að senda þær á netföngin jge1@hi.is og svg10@hi.is

Takk fyrir.

Heimildaskrá.

Ritaðar:

Aðalnámskrá Grunnskólanna. Kristinfræði, siðfræði og trúarbrögð.2007

Arnfríður Guðmundsdóttir. 2001. „Kristur á hvíta tjaldinu-um túlkun á persónu og boðskap Jesú Krists í kvikmyndum“.Guð á hvíta tjaldinu.Bls 33-69.Ritstj.Bjarni Randver Sigurvinsson,Gunnlaugur A Jónsson og Þorkell Ágúst Óttarsson.Háskólaútgáfan.Reykjavík.

Iðunn Steinsdóttir og Sigurður Pálsson.Regnboginn-Kristinfræði. 2000.

Námshagnastofnun.Reykjavík.

Sigríður Þorgeirsdóttir.1999. „Hinn raunverulegi heimur“.Heimur kvikmyndanna.264-282 .Ritstj.Guðni Elísson.Forlagið.Reykjavík

Snorri Hjartarsson.1979. Haströkkrið yfir mér.Mál og menning. Reykjavík

Snorri Hjartarson. 1992. Kvæðasafn.Mál og menning. Reykjavík

Þorgeir Sveinbjarnarson.1971.Vísur jarðarinnar. Almenna Bókafélagið.Reykjavík

Vefsíður :

Árni Svanur Danielsson.2007. „Trúarstef í kvikmyndum“. Vefur Deus ex cinema Ritstj. Árni Svanur Danielsson og Þorkell Á. Óttarsson. Slóð: <http://www.dec.is/is/efni/61> Sótt 13.feb.

Árni Svanur Daníelsson. 2008 a. „Futurama 1:4 Love's Labours Lost in Space“. Vefur Deus ex cinema. Ritstj. Árni Svanur Daníelsson og Þorkell Á. Óttarsson. Slóð:

<http://www.dec.is/is/kvikmyndir/futurama-1-4-loves-labours-lost-space> Sótt: 19.feb.

Árni Svanur Daníelsson. 2008 a. „Futurama 4:7 Crimes of the Hot“. Vefur Deus ex cinema.

Ritstj. Árni Svanur Daníelsson og Þorkell Á. Óttarsson. Slóð:

<http://www.dec.is/is/kvikmyndir/futurama-4-7-crimes-hot> Sótt: 19.feb

Þorkell Ágúst Óttarsson. 2002.a „The Truman show“. Vefur Deus ex cinema Ritstj. Árni

Svanur Daníelsson og Þorkell Á. Óttarsson. Slóð: <http://www.dec.is/is/efni/3181> . Sótt:

19.feb.

Þorkell Ágúst Óttarsson. 2002. b „Pay it forward“. Vefur Deus ex cinema. Ritstj. Árni Svanur

Daníelsson og Þorkell Á. Óttarsson. Slóð: <http://www.dec.is/is/efni/3163> Sótt 21.apríl

Verkefnamappan.

Hér koma verkefni sem nýta má í áfanganum

Efnisyfirlit

Contents

Fylgiskjal 1 – Verkefni fyrir allar myndir	1
Fylgiskjal 2 – Verkefni fyrir ljóðin	2
Drottinn á gangi.....	2
Helgimynd.....	2
Útlaginn	3
Í Eden.....	3
Fylgiskjal 3 – Vekefni sem tengjast syndafallinu.....	5
Fylgiskjal 4 – Verkefni sem tengjast syndafallinu	6
Fylgiskjal 5 – Verkefni sem tengjst sögur um Jesú	7
Fylgiskjal 6 – Verkefni sem tengjast syndaflóðinu	8
Fylgiskjal 7 – Verkefni sem tengjast kristgervingum.....	9

Fylgiskjal 1 – Er dreift á alla nemendur í hvert skipti sem horft er á mynd

Kvikmynd: _____

Bein tilvísun í

trúarrit: _____

Persónur úr

trúarritum: _____

Guðfræðistef: _____

Siðfræðistef: _____

Trúarlegir og goðsögulegir

staðir: _____

Trúarleg

tákn: _____

Trúarlegt atferli og

siðir: _____

Trúarleg

reynsla: _____

Fylgiskjal 2

Hvert er trúarstefið sótt? Hvaða merkingu hefur það í viðkomandi trúarbrögðum? Hvernig er unnið með trúarstefið í ljóðunum? Í hvaða samhengi er það sett? Hvaða merkingu fær það í nýju samhengi? Hverju vilja skáldin koma á framfæri með notkun sinni á trúarstefinu?

Drottinn á gangi

Drottinn á gangi
Um aldingarðinn
Í kvöldsvalanum

Og þau skelfdust og vissu
Að þau voru sek

Ó drottinn
Enn fylgdist þú með gerðum
Barna þinna

Hefurðu ef til vill í hyggju
Að leysa okkar undan
Þessari útleð
Sem þú rakst okkur í forðum

Láta okkur hverfa.

Helgimynd

Í grænu rökkri
Undir greinum trésins
Réttir hún fram rautt eplið
Heit augu gljá
Hendur leita

Og hann grípur það, finnur
Hinn gljúpa sætleik
Með titrandi hendur
Um tvö hvít epli

Útlaginn

Logi hins svipanda sverðs
Og hvinur þess yfir höfði mér
Á leiðinni að lífsins tré

Útlægur úr garðinum, útlægur
Og þrá mín sú ein
Að ná þangað aftur

Tréð og lindin við rætur þess
Hvað vil ég gefa
Fyrir einn drykk af lindinni
Eitt aldin sem glóir í laufinu

Allt vil ég gefa. Öllu
Vil ég fórna, en hvar
Er ég staddur á viðsjálum stígnum

Hið góða sem ég vil
Hið vonða

Milli rökkvaðra hæða
Og leiftur sverðsins yfir mér.

Í Eden

Guð segir
Við Adam

Gættu þín

Á þungum hrammi dýrsins,

Köldu biti

Slöngunnar

Og ljúfengum ilmi

Blómsins.

Fylgiskjal 3

Nemendum er skipt upp í fjóra hópa og fær hver hópur sitt umræðuefni

1.Hver eru tengslin á milli Syndarfallsins og The Truman show?

2.Hvað er líkt/ólíkt með myndinni og Syndarfallinu í Biblíunni?

3.Hvað er hægt að segja um það hvernig Sylvia bregst við, en besti vinur hans?

4.Hvað teljið þið vera tilgangur höfunda þegar þeir láta Truman labba á vatninu í endann?

Fylgiskjal 4

Nemendum er skipt í hópa og fær hver hópur sitt umræðuefni

Hópur 1)

Hvaða hlutverki gegnir Cristof í myndinni? Og hvað er siðferðilega rangt við?

Hópur 2)

Er eitthvað í lífi Truman satt, t.d gegna foreldrar hans hlutverki foreldra eða eru þeir eingöngu leikarar, (ástin milli Sylvíu og Trumans)?

Hópur 3)

Með upplýsingatækninni sem við höfum í dag, gæti þetta gerst í dag, rökstyðjið með eða á móti

Hópur 4)

Hvernig er hægt að líkja Truman við Jesú í myndinni?, sér í lagi síðustu mínúturnar.

Fylgiskjal 5

Jesus Christ Superstar og Southpark

A) Hvaða trúarstef birtast annarsvegar í Jesus Christ Superstar og hinsvegar í Southpark ?

B) Hvaða trúarstef birtast bæði í Jesus Christ Superstar og í Southpark ?

C) Hvað er líkt og ólíkt með trúarstefjunum eins og þau birtast í myndinni og þau koma fram í Biblíunni ?

D) Hvað er líkt og ólíkt með trúarstefjunum eins og þau birtast í þættinum og þau koma fram í Biblíunni ?

E) Í Jesus Christ Superstar er Júdas svartur. Mörgum gagnrýnendum þóttu það ekki við hæfi. Er hægt að segja að um kynþáttafordóma sé að ræða ? Rökstyddu svar þitt.

F) Í South park þættinum er farið frjállega með trúarstefin. Telur þú að um guðlast sé að ræða ? Rökstyddu svar þitt.

Fylgiskjal 6

Nemendur búa til sýna eigin myndasögu. Myndasagan verður að innihalda trúarstef.

--	--

--	--

--	--

Fylgiskjal 7

Kennarinn skiptir nemendum í 2 hópa og þeir ræða spurningarnar sín á milli. Velja þarf einn ritara sem skrifar svörin niður og einn sem segir hinum nemendum frá niðurstöðum þeirra. Einn hópurinn fjallar um guðfræðistefin og hinn hópurinn fjallar um siðfræðistefin.

Hópur 1

1. Hvernig fannst ykkur myndin sem kvikmynd? Hvað fannst ykkur gott og hvað vont? Rökstyðjið skoðanir ykkar.
2. Trevor er stunginn í síðuna og deyr. Síðusárið er frægt kristtákn en Kristur var stunginn í síðuna þegar hann var á krossinum. Haldið þið að það sé tilviljun að Trevor sé stunginn í síðuna? Eru einhverjar fleiri hliðstæður í myndinni við Krist? Hvað með kærleikskeðju Trevors?
3. Myndin endar á því að myndast hefur „söfnuður“ í kringum Trevor. Hvaða hliðstæðu hefur það við ævi Krists?
4. Er þetta jákvæður eða neikvæður endir? Takið eftir laginu í lokin. Hvernig tengist það boðskap myndarinnar?

Hópur 2

1. Hvernig fannst ykkur myndin sem kvikmynd? Hvað fannst ykkur gott og hvað vont? Rökstyðjið skoðanir ykkar.
2. Hvernig birtist kynferðisleg misnotkun í myndinni? Hver verður fyrir henni og hvaða áhrif hefur það á líf viðkomandi?
3. Hvernig birtist heimilisofbeldi í myndinni? Hver verður fyrir því? Hvers vegna slíta einstaklingar ekki samböndum þegar maka þeirra beita ofbeldi?
4. Hvernig birtist fíkn í myndinni? Hverjir eru fíklar? Er auðvelt að losna undan fíkninni? Hvers vegna byrjar fólk að nota hluti sem eru ávanabindandi ef það veit af hættunni sem því fylgir?

